

## Elísabet II.

21. apríl 1926 – 8. september 2022

Heimurinn allur syrgir nú Elísabetu II. Bretadrottningu sem lést í gær 96 ára að aldri eftir rúmlega 70 ár á valdastóli. Karl III. er nú konungur Bretlands. ► 8




FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Škoda Kodiaq Til í hvað sem er!

Fjór hjóladrifinn, fæst 7 manna með allt að 2.5 tonna dráttargetu

Verð frá 7.590.000 kr. — Eigum nokkra lausa bíla á lager!

 Hekla Laugavegi 174, 105 Rvk. — [www.hekla.is/skodasalur](http://www.hekla.is/skodasalur)



ŠKODA



## Þjóðarleikvangur í Reykjanesbæ

kristinnpall@frettabladid.is

**REYKJANESBÆR** Guðbergur Reynisson bæjarfulltrúi lagði fram bókun í bæjarstjórn Reykjanesbæjar þar sem lagðar eru til viðræður við KSÍ um að nýr þjóðarleikvangur í knattspyrnu rísi í sveitarfélaginu.

„Nú eru nokkur önnur bæjarfélög á höttunum eftir að fá þessa höll til sín,“ segir í bókuninni sem samþykkt var af öllum í bæjarstjórn.



Guðbergur Reynisson, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ

„Þetta er stórt tækifæri fyrir sveitarfélagið og landið allt. Við erum svo svakalega vel staðsett við alþjóðaflugvöll og með nóg af landsvæði,“ segir Guðbergur við Fréttablaðið. „Stóra vandamálið er iðulega bílastæði og það er nægt pláss hjá okkur. Fyrir vikið hef ég talað fyrir því að við séum tilbúin að gefa ríkinu land undir þetta en það heyrast sambærilegar hugmyndir úr öðrum sveitarfélögum.“

Guðbergur segir Reykjanesbæ sjálfan í vandræðum með uppbyggingu á íþróttamannvirkjum.

„Þetta gæti nýst okkur á milli verkefna ásamt því að bjóða upp á tekjumöguleika með tónleikahald, sýningar og annað slíkt,“ segir Guðbergur. ■

## Minntust Elísabetar



Þúsundir minntust Elísabetar II. Bretadrottningar við Buckingham-höll í London í gærkvöldi. Drottningin lést þó ekki þar, heldur í Balmoral-kastala í Skotlandi. Fjölskylda hennar ferðaðist til Skotlands og skömmu síðar var birt tilkynning um andlát drottningarinnar. SJÁ SÍÐU 8 FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Niðurstöðu krufningar er enn beðið

bth@frettabladid.is

**LÖGREGLUMÁL** Ekki er vitað hvernær niðurstaða úr krufningu mun liggja fyrir að sögn Páleyjar Borgþórsdóttur, lögreglustjóra á Norðurlandi eystra, sem fer með rannsókn manndrápsmálsins á Blönduósi.

Réttarkrufningu þeirra tveggja sem létust í árásinni er lokið.

Enn er verið að yfirheyrja feðgana í málinu. Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu hafa báðir réttarstöðu sakbornings.

Heilsa Kára Kárasonar, sem missti eiginkonu sína, Evu Hrund Pétursdóttur, í árás byssumannsins, er á hægum batavegi eftir að hann fékk skot í kviðinn af stuttu færi. Grunur leikur, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, á að skotmaðurinn



Páley Borgþórsdóttir, lögreglustjóri á Norðurlandi eystra

hafi fyrst skotið Kára en banað svo Evu Hrund. Rúm vika er síðan fyrsta skýrsla var tekin af Kára. Þá þegar var honum veitt réttarstaða sakbornings til að styrkja réttarstöðu hans.

Sonur Kára og Evu Hrundar heitinnar er talinn hafa ráðið niðurlögum byssumannsins. Skotmaðurinn beið bana í þeirri viðureign en Páley segir enn margt á huldu og til rannsóknar í málinu. ■

## Engir eiga að þurfa fara að til útlanda í liðskiptaaðgerð

Tilkynnt var í gær um skipun verkefnastjórnar sem meti tillögur starfshóps um gæðamál tengd liðskiptaaðgerðum.

sigurjon@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** „Ég bind miklar vonir við vinnu aðgerðahóps sem verið er að koma í gang. Þessi hópur er meðal annars skipaður fulltrúum frá Landspítala, Sjúkrahúsinu á Akureyri, Heilbrigðisstofnun Vesturlands og Klíníkinni,“ segir Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra. Hópurinn eigi að ná heildrænt utan um þá áskorun sem felist í að stytta biðlista eftir liðskiptaaðgerðum.

„Við ætlum okkur að koma þessu mikilvæga máli í réttan farveg,“ segir ráðherra.

Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi hefur undirbúið nýja skurðstofu fyrir liðskiptaaðgerðir. Afkastageta mun tvöfaldast með því og framkvæmdar verða um 430 aðgerðir á ári.

„Það þarf bæði að tryggja gæði þjónustunnar og að allir sitji til jafns við borðið. Þeir sem þurfa á þessum aðgerðum að halda og þeir sem framkvæma þær,“ segir Willum. Hópurinn muni meðal annars meta og innleiða tillögur sem komu fram í skýrslu starfshóps um gæðamál tengd liðskiptaaðgerðum.

„Hópnum er því ætlað að innleiða bæði gæðaverklag og útfæra framtíðarfyrirkomulag liðskiptaaðgerða. Fyrirkomulag sem dregur úr bið, minnkar sjúkdómsbyrði, tryggir jafnt aðgengi og jafnræði í greiðslufyrirkomulagi óháð því hvar aðgerðin verður framkvæmd innan heilbrigðiskerfisins. Það á enginn að þurfa að fara til útlanda.“

Soffía Káradóttir býr í Reykja-



Ráðherra segist munu setja mikilvægt mál í réttan farveg. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Ég væri til í að fara hvert sem er, bara til að lina þjáningarnar.



Soffía Káradóttir

vik en var ráðlagt að fara á biðlista á Akureyri, því þar væri biðin ekki nema rúmt ár, samanborið við tvö til þrjú ár í Reykjavík.

„Mér finnst frábært að geta farið á biðlista á Akureyri en fánlegt að það sé ekki löngu búit að semja við Klíníkina, en það hefur verið pólitískt mál,“ segir Soffía. Hún sé tilbúin að fara hvar sem er í aðgerð, í Reykjavík, á Akureyri eða Akranesi. „Ég væri til í að fara hvert sem er, bara til að lina þjáningarnar.“

Soffía hefur farið vikulega til sjúkrahúsanna síðustu fjögur árin og heimsækir bæklunarlækni á sex til átta vikna fresti. „Eftir aðgerð á öðru hnénu biður aðgerð á hinu því það er bara ekki alveg eins slæmt,“ segir hún og spyr hvort setja eigi málið í nefnd og láta það gleymast.

„Úrræðin eru alveg til staðar og sumt er hægt að gera strax og annað þarf að bíða en það þarf bara að létta á þessu, koma fólki út í atvinnulíf og svoleiðis,“ segir Soffía. ■

Laugardaga kl. 10.00

Lífið er lag  
Hagsmunir eldri borgara  
HLAÐVARP

www.hotelbokanir.is/lifid-er-lag-hladvarp og á Spotify

Sigurður K. Kolbeinsson ræðir við ýmsa þekktu og óþekktu Íslendinga um lífið og tilveruna og sagðar eru skemmtilega sögur og frásagnir aftur í tímann sem mörgum kunna að þykja skemmilegar.

Ólafur Hauksson og Þóririnn Jón Magnússon eru næstu gestir hlaðvarpsins.





# RENAULT CAPTUR E-TECH

Plug-in Hybrid



## Renault Captur PHEV

Verð frá: 5.690.000 kr.

Í nýja Captur Plug-in Hybrid sestu undir stýri á tæknilega fullkomnum og ótrúlega sparneytnum bíl sem skilar þér allt að 65 km\*\* á rafmagninu einu saman. Pantaðu reynsluakstur og upplifðu Renault þægindi og akstursegginleika.

[www.renault.is](http://www.renault.is)

### 5 ÁRA ÁBYRGÐ\*

\*Skilyrði fyrir ábyrgð eru að eigandi tryggi og kosti reglulegt þjónustueftirlit hjá viðurkenndum aðilum. Nánari upplýsingar á [www.renault.is](http://www.renault.is)



[www.renault.is](http://www.renault.is)

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
[www.bilak.is](http://www.bilak.is)  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
[www.bva.is](http://www.bva.is)  
470 5070

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

Bílasala Reykjaness  
Reykjanesbæ  
[www.bilasalareykjaness.is](http://www.bilasalareykjaness.is)  
419 1881

BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)





# Úrillir Akureyringar lúðraðir samkvæmt vinnureglum skipa

bth@frettabladid.is

**AKUREYRI** „Góðan dag - eru engar reglur um skipsflautur? Hvað á það að þýða að vekja alla kl. sjö? Á fimm mínútna fresti í hálf tíma?“

Þannig spurði íbúi á Akureyri á Facebook í gærmorgun.

Íbúinn var í hópi úrillra Akureyringa sem vöknudu eldsnemma upp við þokulúður í hinu bjarta norðri. Bæjarbúar voru hreinlega lúðraðir.

Pétur Ólafsson, hafnarstjóri hjá Akureyrarhöfn, segir að hávaðinn hafi orsakast af því að skemmtiferðaskip hafi verið á siglingu í svartþöku. Ekki hafi verið annað

í boði fyrir skipstjórnann en að þeyta lúðurinn reglulega.

„Það er leitt að þokulúður trufla svefn bæjarbúa, en samkvæmt vinnureglum skipanna þarf að láta aðra hugsanlega sjófarendur vita af umferð,“ segir Pétur. Hann bætir við að hávaði sé skárri en að sigla niður trillu.

Pétur telur að það hafi ruglað suma bæjarbúa, sem voru eitt spurningarmerki vegna hávaðans, að á sama tíma og lúðurinn gall ítrekað hafi verið gláðasólskin uppi á brekku.

„Nei, þetta gerist ekki oft. Ég held að svona uppákoma hafi síðast orðið árið 2018, að þokulúður valdi

fólki ónæði,“ segir hafnarstjórninn.

Pétur telur að lúðurinn hafi byrjað að óma um klukkan 06.30 og hafi heyrst í honum af og til eftir það.

„Ertu klikkaður að spyrja að þessu, hvað heldurðu að yrði um mig ef ég játaði því?“ segir Pétur og hlær, spurður hvort það hafi kannski verið orðið tímabært að bæjarbúar færu snemma á fætur.

Að öðru leyti segir Pétur frábert sumar að baki hjá Akureyrarhöfn. Mikil umferð hafi verið einkennandi í ferðum fiskiskipa, skemmtiferðaskipa og í vöruflutningum.

„Allt komið aftur í hvinandi botn eftir Covid.“ ■



Skemmtiferðaskip setja jafnan svip sinn á Akureyri að sumarlagi. Fyrir kemur að þeim fylgir hljóðmengun eins og bæjarbúar máttu þola í gærmorgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
AÐUNN

## Blinken heimsótti Kíev óvænt í gær

thp@frettabladid.is

**ÚKRAÍNA** Antony Blinken, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, heimsótti Kíev óvænt í gær og hitti Volodímír Selenskíj forseta og háttsetta stjórnmalamenn. Bandaríkjastjórn hyggst veita Úkraínu og 18 öðrum Evrópuríkjum, sem „hugsanlega stendur ógn af Rússlandi“, 2,8 milljarða dollara hernaðarstöð.

„Biden forseti hefur verið skýr með að við munum styðja við úkraínsku þjóðina eins lengi og þörf er á,“ sagði Blinken. Hann ítrekaði óbílanti stuðning Bandaríkjanna við málstað Úkraínu. ■



Antony Blinken, utanríkisráðherra Bandaríkjanna

## Eigandi Arnarlax stóreykur tekjur

kristinnhaukur@frettabladid.is

**FISKELDI** Norska félagið Icelandic Salmon AS, sem á meðal annars fiskeldisfyrirtækið Arnarlax á Bildudal, tilkynnti um 72,1 milljónar evru rekstrartekjur á fyrri helmingi þessa árs, eða rúma 10 milljarða íslenskra króna.

Félagið, sem er hluti af norsku samsteypunni SalMar, jók tekjurnar um 103,5 prósent frá árinu áður. ■

# Ofskynjunarefni virki á þunglyndi

Auknar líkur á að skynvikkandi ferli verði viðurkennd læknismeðferð gegn alvarlegu þunglyndi. Ný íslensk rannsókn sögð hafa leitt í ljós merkilega niðurstöðu.

bth@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Efnid psilocybin, ofskynjunarefni sem meðal annars finnst í ákveðinni tegund af sveppum, getur hugsanlega nýst sem meðferð gegn alvarlegu þunglyndi.

Samkvæmt grein læknanna Árnýjar Jóhannesdóttur og Engilberts Sigurðssonar í Læknablaðinu sýnir ný safngreining marktækan árangur psilocybin-meðferðar hjá vissum hópum við þunglyndi. Verulegur bati hafi orðið hjá um þriðjungi þátttakenda þegar í lok þriðju viku þegar efnid var gefið.

„Niðurstöður úr rannsóknum benda til þess að psilocybin dragi marktækt úr þunglyndiseinkennum og þolist almennt vel,“ segir í greininni.

„Þetta er mjög merkileg niðurstaða,“ segir Engilbert Sigurðsson geðlæknir.

Fram kemur að frekari rannsóknir muni leiða í ljós hvort psilocybin hljóti markaðsleyfi gegn þunglyndi á næstu árum. „Brýn þörf er á nýjum meðferðarúrræðum fyrir þá sem svara ekki hefðbundinni þunglyndismeðferð,“ segir í greininni.

Forsenda þess að hægt sé að hefja meðferð er að lyf fái markaðsleyfi. „Málið er ekki komið á það stig en mér fannst mikilvægt að við Árný skrifuðum greinina til að almenníngur og fagaðilar væru meðvitaðir um stöðuna eins og hún er,“ segir Engilbert sem kveður merkilegt að einn 25 milligramma skammtur



Ofskynjunarefni sem finnst í ákveðnum sveppum gætu nýst gegn þunglyndi.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
GETTY

Það gæti plægt jarðveginum á jákvæðan hátt.



Héðinn Unnsteinsson, stefnumótunarsérfræðingur

hafi eins mikil áhrif samkvæmt rannsókninni og eitt mest notaða þunglyndislyfið. Hins vegar myndi þessi aðferð marka mikil tímamót ef hún verður leyfð. Um hálfra öld

hafi sá skilningur verið uppi að ofskynjunarefni ætti að banna eða flokka sem eitruyf.

„Þegar efnid er gefið þarf starfsmann með einstaklingnum sem fær efnid í þessu skynvikkandi ferli í fimm til átta klukkustundir. Það þarf aðila sem hefur hlotið þjálfun og getur brugðist við ef reynslan reynist einstaklingi erfið eins og getur gerst og fram kemur í greininni. En það virðast ekki margir finna fyrir vanlíðan,“ segir Engilbert.

Margir lýsa áhrifum ofskynjunarefnisins sem mjög stórra upplifun.

Í greininni segir að þunglyndi sé algengur, alvarlegur og oft þrálátur geðsjúkdómur. Brýnt sé að fá fleiri og betri gagnreyndar meðferðir.

„Við þurfum að lágmarka líkur á að fólk fari illa út úr ofskynjunarefni eins og gerðist með LSD. En það er þannig með lyf, skurðað-

gerðir, mörg inngrip, að stundum samþykkjum við aukna áhættu við læknismeðferð hjá þeim sem glíma við alvarlegustu veikindin,“ segir Engilbert.

Héðinn Unnsteinsson, formaður Geðhjálp, bindur vonir við að þriðji fasi rannsókna á þessu sviði fari fram hér á Landspítalanum.

„Það gæti plægt jarðveginum á jákvæðan hátt, kallað á breytt viðhorf ef akademian vinnur að þessum málum, komið í veg fyrir að fólk fari sér að vöða,“ segir hann.

Héðinn segir að ekkert nýtt hafi gerst í geðlækningum síðan 1992. „Það er ekki spurning hvort heldur hvenær við sjáum mikilvægar breytingar verða að veruleika,“ segir hann. „Við erum að takast á við orðræðu og menningu sem hefur ekki viljað snerta á þessum málum.“ ■

# Ritföng hækka meira hér en erlendis

kristinnhaukur@frettabladid.is

**NEYTENDUR** Verð á ritföngum hefur hækkað um nærri 30 prósent á undanförunum þremur árum. Langt umfram verðhækkunir á bókum og dagblöðum og langt umfram verðhækkunir ritfanga í Evrópu.

Í upphafi skólaánnar selst mikið af ritföngum. Eins og Fréttablaðið greindi frá nýlega geta skólábækur verið stór útgjaldaliður. En ritföng hafa hins vegar hækkað mun meira í verði að undanförunu.

Frá septembermánuði árið 2019 hafa ritföng á Íslandi hækkað um 28,3 prósent á meðan bækur hafa hækkað um 6,7 prósent og dagblöð um 14 prósent. Verðhækkunir í Evrópu eru mjög svipaðar þegar kemur að bókum og dagblöðum en aðeins 12,3 prósent þegar kemur að rit-



Ritföng eru talverður útgjaldaliður í byrjun skólaárs.

föngum. Verðhækkunin hér er því meira en tvöföld miðað við Evrópu.

Stikkprufur Fréttablaðsins sýna hækkanirnar. Til dæmis hefur 0,7 millimetra Document-kúluþenni hækkað úr 689 krónum í 899 hjá Pennanum, eða um 30,5 prósent. Style-gatari um 26,5 prósent og Uhu Max repair lím um 24,1 prósent.

Hjá A4 hafa 100 rúðustrikuð A4-vinnubókablöð hækkað um 25,1 prósent og gulur Swano-blyantur um 23,9 prósent. 80 gramma A4-ljósritunarpappír hefur hins vegar hækkað úr 928 krónum í 1.499, það er um 61,5 prósent.

„Við höfum fengið á okkur verðhækkunir frá erlendum birgjum á síðustu misserum,“ segir Ingimar Jónsson, forstjóri Pennans. „Olía, pappír, plast, ál og stálvörur hafa hækkað mikið.“

Bendir Ingimar einnig á að flutningskostnaður hafi hækkað mikið á síðustu árum, það er um 25 til 30 prósent. Frakt frá Asíu hafi margfaldað í verði á sama tíma.

„Við erum einmitt að skoða þau mál þessa dagana og reyna að lækka þann kostnað,“ segir Ingimar Jónsson. ■

Sjálfvirkur opunarbúnaður og snertilausir rofar frá **GEZE** Þýsk gæðavara.

**JARN&GLER**  
Skútuvogi 1h - Sími 585 8900  
www.jarngler.is



# Uppskerudagar á íslensku grænmeti



## Heilsa og lífsstíll

Yfir 1.000 vörur á tilboði

### HAGKAUP

Tilboð gilda út 18. september



25% afsláttur af öllum  
Iceherbs fæðubótarefnum



25% afsláttur af öllum  
Now vítamínum



Þú velur 10 Nocco  
drykki að eigin vali.  
Verð áður 2.990

2.390



Í hverri fernu af Almond Breeze eru  
möndlur sem eru ræktaðar af ást og  
umhyggju.



Cocos organic er lífræn, vegan og mjólkur-  
laus vara. Inniheldur góðgerla fyrir  
meltinguna og er án viðbættis sykurs.



Hester's Life granóla er framleitt  
með heilsuna í fyrirrúmi og er laust  
við sykur, glútein, mjólk og soja.



# Skora á bæinn að auka niðurgreiðslur til foreldra á Akranesi

benediktboas@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** „Akraneskaupstaður hefur ekki hækkað niðurgreiðslu til foreldra barna í vistun hjá dagforeldrum í samræmi við önnur bæjarfélög,“ segir Guðbjörg Perla Jónsdóttir, sem hleypti af stokkunum undirskriftalista í vikunni þar sem foreldrar barna á Akranesi sem ekki komust inn á leikskóla skora á bæjarfélagið að endurskoða niðurgreiðslurnar.

Í bréfi sem Perla skrifaði og um

eitt hundrað manns hafa skrifað undir segir að sumir foreldrar séu að horfa á að það muni einungis nokkrum dögum að barnið þeirra komst ekki inn á leikskóla.

Munu þeir foreldrar greiða um 450 þúsund krónum meira en foreldri barns sem komst inn í leikskóla, sé miðað við átta klukkustunda vistun.

Þá er ekki gerður greinarmunur á því hvort foreldri sé einstætt eða í sambúð þegar kemur að niðurgreiðslu á Akranesi.



Guðbjörg Perla Jónsdóttir, foreldri leikskólubarns á Akranesi

Perla ákvað að skoða verðskrár nærliggjandi sveitarfélaga og miðaði við átta klukkustunda vistun. Samkvæmt verðskrá Reykjavíkurborgar er einungis 800 króna munur

á niðurgreiðslu fyrir fólk í sambúð, en Reykjavíkurborg greiðir rúmum 29.000 krónum meira fyrir einstæða foreldra, þá sem eru í námi eða eru öryrkjar.

Í Mosfellsbæ er almenn niðurgreiðsla 117 þúsund krónur og hluti foreldris fyrir vistunarplássið 28 þúsund krónur. Hjá Mosfellsbæ er ekki gerður greinarmunur á fjölskylduhögum.

„Dagforeldrar á Akranesi vinna mikilvægt og gott starf, þau eru ómissandi hluti af samfélagi okkar,

stýðja vel við barnafjölskyldur en það hlýtur að vera umhugsunarfni að það muni á fjórða hundrað þúsundum á ári hvort barn er hjá dagforeldri eða á leikskóla. Það verður bara skrifað á lélegar niðurgreiðslur hjá Akraneskaupstað,“ segir í bréfinu.

Spyr Perla hvort það sé ekki eitt-hvað bogið við það að samfélag sem ætli sér að laða til sín barnafólk bjóði upp á einhverja lægstu niðurgreiðslu á daggaeslu sem um getur á landinu. ■



Hákarlar við Bahamaeyjar hafa ráðist á 32 manneskjur frá 1749.

## Bitin til bana af hákarli í snorkli

benediktboas@frettabladid.is

**BAHAMAHEYJAR** Kona sem var farþegi á skemmtiferðaskipinu Harmony of the seas var bitin til bana af hákarli í snorkliferð við Bahamaeyjar í gær.

Konunni, sem var 58 ára, var bjargað um borð en hún lést skömmu síðar með bitsár á handlegg. Yfirvöld greindu frá því að nautháfur, eða bull shark, hefði veitt sárin sem drógu konuna til dauða.

Chrislyn Skipings, talskona lögreglunnar, sagði við fjölmiðla að konan hefði verið að kafa á vinsælu svæði þegar árásin átti sér stað. Fjölskyldumeðlimir og starfsmenn fyrirtækisins sem skipulögðu ferðina urðu vitni að árásinni og komu konunni um borð í skipið þar sem hún lést.

Hákarlaársir vekja yfirleitt mikið umtal en þetta er 32. árásin á Bahamaeyjum síðan 1749 samkvæmt frétt BBC. Samkvæmt sömu frétt voru 73 árásir hákarla árið 2021 um allan heim og létust níu. ■

## Skattur á rafmynt næsthæstur hér

kristinnhaukur@frettabladid.is

**VIÐSKIPTI** Skattheimta á hagnað af rafmyntum er sú næstmesta í heiminum á Íslandi samkvæmt nýrri greiningu rafmyntageiningarfyrirtækisins Coinclub. Aðeins belgíska ríkið tekur hærra hlut.



Íslendingar bjóða ekki upp á mikið af ívilnunum.

Úr greiningu Coinclub

„Íslendingar bjóða ekki upp á mikið af ívilnunum. Hækkandi skatthlutfall kemur frekar snemma inn. Allur ágóði upp að 7 þúsund dollurum [986 þúsund krónur] hefur tæplega 40 prósent skatt og allt yfir það 46 prósent,“ segir í greiningunni.

Ráðleggur Coinclub fjárfestum í rafmyntum að halda sig frá Íslandi. Önnur ríki þar sem skattlagning á rafmyntahagnað er mikil eru Ísrael, Filippseyjar og Japan. Þýskaland, Ítalía og Sviss eru hins vegar þau ríki sem eru vinsamlegust fjárfestum. ■



Óeirðalögreglumen undir alvæpni á mótmælum gegn valdaráninu 8. febrúar í fyrra.

FRÉTTABLAÐIÐ/EP

# Harka færir í átökin innan Mjanmar

Borgarastríð geisar nú í Mjanmar eftir valdarán hersins í febrúar í fyrra. Herforingjastjórnin gengur hart fram gegn andstæðingum sínum og hefur leitað á náðir Rússa sér til stuðnings. Ekki er útlit fyrir að friður komist á í bráð.

thp@frettabladid.is

**MJANMAR** Frá valdaráni hersins í Mjanmar 1. febrúar í fyrra hefur herforingjastjórn landsins brotið niður mótmæli af krafti og fangelsað fjölda stjórnarandstæðinga, þar á meðal fyrrverandi sendiherra Bretlands í landinu. Í júlí voru fjórir stjórnarandstæðingar teknir af lífi opinberlega. Þetta er í fyrsta skipti í marga áratugi sem herinn tekur fólk af lífi fyrir opnum tjöldum.

Herinn lét kröftug mótmæli alþjóðasamfélagsins sem vind um eyru þjóta og virðist herforingjastjórnin ákveðin í því að brjóta á bak aftur alla andstöðu af gríðarlegri hörku. Hún lofar þó kosningum á næsta ári en óhætt er að segja að loforð stjórnarinnar merki lítið.

Aung San Suu Kyi, fyrsti lýðræðislega kjörni leiðtogi landsins, var hneppt í varðhald við valdaránið og dæmd til 20 ára fangelsisvistar fyrir skömmu vegna kosningasvika í kosningum 8. nóvember 2020. Alþjóðlegir kosningaeftirlitsmenn sögðu að engin brögð hefðu verið í tafl. Hún á yfir höfði sér allt að 200 ára fangelsi til viðbótar verði hún sakfelld fyrir fjölda annarra meintra afbrota. Auk Suu Kyi dása flestir sem tengjast stjórn hennar í fangelsum Mjanmar.

Sameinuðu þjóðirnar telja að nú sé borgarastríð í Mjanmar en þar búa 54 milljónir. Samkvæmt óháðum og alþjóðlegum hóp sérfræðinga

stjórnar her Mjanmar einungis um 17 prósentum landsins, þó flestum fjölmennustu svæðum þess. Í Mjanmar hafa geislað innbyrðis átök frá því að landið fékk sjálfstæði frá Bretlandi árið 1948 þar sem stór fjöldi þeirra mörgu þjóðarbrotu sem það byggja berst gegn yfirvöldum.

Átökin hafa harðnað eftir valdaránið. Nýr uppreisnarhópur, People's Defense Force, er kominn fram á sjónarsviðið sem samanstendur af stuðningsfólki Suu Kyi og stjórnar hennar. Ekki er þó um að ræða miðstýrða uppreisn heldur fremur litla hópa andstæðinga stjórnarinnar sem finna má í mörgum þorpum og bæjum. Einn stærsti uppreisnarhópurinn er Arakan-herinn sem berst fyrir sjálfstæði landsvæða þjóðarbrotu Arakana. Í gildi er brothætt vopnahlé milli þeirra og herforingjastjórnarinnar. Ákveði Arakan-herinn að rjúfa vopnahléið og berjast við hlið stuðningsfólks stjórnar Suu Kyi þyngist róðurinn fyrir her Mjanmar mikið.

„Það er enginn möguleiki á samkomulagi til framtíðar, ekki nema staða hersins versni mjög og hann upplifi sig sem stilltum upp við vegg. Það gæti þó einnig orðið til þess að hann beiti enn meiri hörku,“ segir Gregory Poling sem fer fyrir Suðaustur-Asíudeild hugveitunnar Center for Strategic and International Studies og er sérfræðingur í málefnum Mjanmar.

Herforingjastjórnin, sem gerð hefur verið brottræk úr helstu ríkjasamtökum í Suðaustur-Asíu, leitar nú til Rússa eftir diplómátskum stuðningi og vopnum. Á efnahagsráðstefnu í Vladívostrók í Rússlandi í vikunni hittust Vladímír Pútín Rússlandsforseti og herforinginn og forsætisráðherra Mjanmar, Min Aung Hlaing. Vel fór á með þeim og



Vladímír Pútín og Min Aung Hlaing takast í hendur.

FRÉTTABLAÐIÐ/EP



Það er enginn möguleiki á samkomulagi til framtíðar, ekki nema staða hersins versni mjög og hann upplifi sig sem stilltum upp við vegg.

Gregory Poling, sérfræðingur í málefnum Mjanmar

hyggst herforingjastjórnin kaupa olíu af Rússum og greiða fyrir með rúblum þar sem aðgangur að öðrum gjaldmiðlum er erfiður vegna viðskiptaþvingana, einkum vestrænna ríkja. Kínverjar og Indverjar standa sömuleiðis við bak herforingjastjórnarinnar en hún hefur þó sakað Kína um að stýðja nokkra uppreisnarhópa.

Við það tækifæri sagði forsætisráðherra að bæði stjórn hans og Rússar vildu frið og stöðugleika en vestræn ríki stýddu með fjármagni og vopnum „hryðjuverkamen“ í Mjanmar. Þeim gengi hins vegar lítið að sölsa undir sig landsvæði.

„Við höfum stjórn á ástandinu. Á síðasta ári komu upp mun fleiri atvik, þau voru alvarlegri. Síðan í apríl á þessu ári hefur dregið hægt og bitandi úr fjölda þeirra og umfangið er minna,“ sagði forsætisráðherra. Þetta virðist þó heldur bjartsýnt mat og útlit er fyrir að átök aukist áfram með hörmulegum afleiðingu fyrir almenning. ■



NÝR LAND ROVER DISCOVERY

# GERIR HVERJA FERÐ AÐ ÆVINTÝRI



ABOVE & BEYOND



## FJÖLHÆFASTI SJÖ SÆTA JEPPINN Á MARKAÐNUM

Discovery er einn öflugasti jeppinn í Land Rover fjölskyldunni. Nú kynnum við nýja árgerð þar sem búið er að nostra við smáatriðin og færa þennan fagaða og fjölhæfa sjö sæta jeppa enn nær fullkomnun en áður. Komdu og skoðaðu tæknina, kraftinn og glæsilega hönnun.

### TIL AFGREIÐSLU STRAX!

LAND ROVER DISCOVERY 250D 6CYL SE

Verð frá: 14.790.000 kr.

#### LAND ROVER

HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK  
SÍMI: 525 6500



## Viðburðarík ævi



■ **21. apríl 1926:** Elísabet Alexandra María prinsessa fæðist á Bruton-stræti nr. 17 í Lundúnum, elsta barn hertogahjónanna af York. Yngri systirin Margrét fæðist fjórum árum síðar.

■ **1939:** Síðari heimsstyrjöld hefst þegar Hitler ræðst inn í Pólland.

■ **8. maí 1945:** Þjóðverjar játa sig sigraða og stríðinu lýkur í Evrópu.



■ **20. nóvember 1947:** Elísabet prinsessa giftist Filippusi Mountbatten.

■ **1948:** Karl Bretaprins fæðist.

■ **1950:** Anna prinsessa fæðist.

■ **6. febrúar 1952:** Georg VI. deyr. Elísabet er í safari í Kenýa þegar hún verður drottning.

■ **1960:** Andrés Bretaprins fæðist.

■ **1964:** Játvarður prins fæðist.

■ **1972:** Bretland gengur í Efnahagsbandalag Evrópu.

■ **29. júlí 1981:** 700 milljónir fylgjast með brúðkaupi Karls Bretaprins og Díönu prinsessu.

■ **1992:** „Annus Horribilis“ – hjónabönd þriggja barna Elísabetar enda með ósköpum og Windsor-kastali brennur.

■ **1996:** Karl og Díana skilja.

■ **31. ágúst 1997:** Díana prinsessa deyr í bílslysi í París.

■ **2002:** Margrét prinsessa og drottningarmóðirin deyja í upphafi gullvaldaafmælis drottningarinnar.

■ **2005:** Karl Bretaprins giftist Kamillu Parker Bowles.

■ **29. apríl 2011:** Vilhjálmur prins giftist Katrínu Middleton.

■ **2018:** Harry prins giftist Meghan Markle.

■ **2020:** Elísabet og Filippus flytja til Windsor-kastala vegna heimsfaraldurs.

■ **9. apríl 2021:** Filippus drottningarmaður deyr 99 ára að aldri eftir 73 ára hjónaband.

■ **Október 2021:** Læknar skipa drottningunni að hvíla sig og minnka vinnuálag.

■ **6. febrúar 2022:** Elísabet kemst fyrst breskra þjóðhöfðingja í platínu og fagnar 70 ára valdaafmæli.

■ **8. september 2022:** Elísabet II. deyr.



Elísabet og konungsfjölskyldan á svölum Buckingham-hallar í júní 1985.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Elísabet II. lést í gær í Balmoral-kastala

Elísabet II. Bretadrottning lést í gær, 96 ára að aldri. Drottningin var stödd í Balmoral-kastala sem staðsettur er í Skotlandi, þegar hún lést.

sigurjon@frettabladid.is

Elísabet II. hafði setið við völd frá árinu 1952 og var dád og elskuð af þjóð sinni. Fjölskylda hennar, börn og barnabörn, ferðuðust öll til Skotlands í gær, skömmu eftir komu þeirra til Balmoral-kastala var tilkynning um andlát hennar send út.

Vegna þess að Elísabet lést í Skotlandi mun kista hennar standa fyrst um sinn í Holyrood-höll í Edinborg,

en síðar verður athöfn í St. Giles-kirkju þar í borg áður en kistan verður flutt til Lundúna, þar sem jarðarför hennar fer fram innan tíu daga.

Fimmtán breskir forsætisráðherrar gegndu embætti á meðan hún var við völd, sá fyrsti var Winston Churchill og sá síðasti Liz Truss, sem tók við embætti fyrr í vikunni.

Sonur hennar, Karl, hefur þegar tekið við völdum en hann verður kallaður Karl III. Bretakonungur. Hann er sá konungur sem hefur lengst bedið eftir því að komast til valda, en hann er 73 ára. Búast má við því að hann ávarpi bresku þjóðina síðar í dag. ■



Unga konungsfjölskyldan á landareign Balmoral-kastala.



Heimsókn í Reykjavík í júní 1990.



Með elstu börnum sínum ásamt Winston Churchill 1953.



Elísabet og Filippus drottningarmaður á krýningardaginn.



**Valdatíð Elísabetar II. stóð í 70 ár.**





Great  
Place  
To  
Work®

Best  
Workplaces  
Europe™  
2022



**BEST!**

Við erum ákaflega stolt af því að vera valinn einn besti vinnustaður í Evrópu

SAMAN Í 60 ÁR **BYKO**



## Óreiða aflögð



Guðmundur Gunnarsson  
ggunnars  
@frettabladid.is

Það er mikið fagnaðarefni að ríkisstjórnin ætli að einhenda sér í að einfalda hólfaskiptingu stjórnábylgjunnar um allt land. Hún flaug ekki ýkja hátt, tilkynningin sem gefin var út þess efnis í vikunni en hún skiptir máli.

Það er fyrir löngu tímabært að greiða úr öllum þessum óþarfa umdæmaflækjum kerfisins sem liggja um landið þvert og endilangt eins og skúffa full af ósamstæðum sokkum.

Tökum nokkur dæmi. Landinu er skipt upp í níu löggæsluumdæmi. Sem er á skjön við umdæmi héraðsdómstóla því þau eru átta. Dómstólahlólfín ríma hins vegar fullkomlega við landshlutana. Án þess að málaflokkarnir tengist á nokkurn hátt. Sem er undarlegt.

Heilbrigðisumdæmi eru svo sjö og skipting þeirra skarast þvert og endilangt á önnur umdæmi. Íbúum til armæðu.

Kjördæmin eru svo enn eitt lagið af óreiðunni því þau eru sex. Ekki fimm eins og umdæmi Vegagerðarinnar. Ekki sjö eins og heilbrigðisumdæmin. Ekki átta eins og landshlutarnir eða níu eins og löggæsluumdæmin – heldur sex.

Það veit sjálfsagt enginn hvernig þessi snúruflækja varð til en líklegasta skýringin er að kerfin tali ekki saman. Að skipulag einnar einingar taki sjaldnast mið af skipulagi annarrar. Að kerfin séu fyrst og fremst hugsuð fyrir kerfin sjálf, frekar en fólkið sem þau eiga að þjóna. Sem skapar ógrynni vandamála sem lita allt skipulag opinberrar þjónustu.

Sennilega höfum við verið svo upptekin af því að forðast þriðja stjórnábylgjuna að við erum búin að koma okkur upp einhverju sem er enn flóknara.

Kannski er loksins verið að taka á þessu vegna þess að það reyndi á flækjurnar í heimsfaraldrinum. Þegar umdæmi almannavarna og heilbrigðisþjónustu rákust hvert á annars horn. Og klærnar pössuðu ekki í innstungurnar.

En aðalatriðið er að það á að breyta þessu. Brjóta niður múra og einfalda báknið til samræmis við skilgreinda landshluta.

Ráðamenn virðast hafa áttað sig á því að vandinn sem við blasir hefur ekkert með stærð kerfisins að gera, heldur það hvernig við teiknum kerfin upp og fyrir hvern þau eiga að virka.

Það er fullt tilefni til að hrósa þeim sem að þessu standa. Þetta eru breytingar sem eiga eftir að skipta máli.

Nú er bara að vona að stjórnvöld yfirfæri slíka umbótahugsun á aðra snögga fleti opinberrar þjónustu. Og hreyfi sig hraðar en þeim er oftast samt.

Áfram gakk og meira svona. ■

”  
Ráðamenn virðast hafa áttað sig á því að vandinn sem við blasir hefur ekkert með stærð kerfisins að gera.

## ■ Halldór



## ■ Frá degi til dags

benediktboas@frettabladid.is  
arnartomas@frettabladid.is

## ■ Augljósa lausnin

Innanlandsflug er búið. Það er ekkert fyrir almúgann. Enginn hefur efni á því að fljúga innanlands nema ríkið, gjaldþrota Reykjavík eða lögmannsstofan borgi flugfarið. Fimm manna fjölskylda er ekkert að fljúga til Akureyrar. Þau keyra. Flugíð er allt of dýrt svo til hvers er verið að hendast í einhverja milljarða uppbyggingu á einhverju sem stendur ekki undir sér? Æfingaflugmenn geta alveg keyrt Reykjanesbraut. Það tekur styttri tíma en að vera í umferðinni á morgnana. Augljósa lausnin.

## ■ Litríkur Sólmyrkvi

Í nýjasta úrskurði mannanafnanefndar má finna tólf ný samþykkt nöfn ásamt einu millinafni. Íslendingar gætu því átt von á að fá boð í skírn eða fermingu hjá Litríki, Sirrey, Sólmyrkva eða Akarni einhvern tímann á næstunni.

Aldrei þessu vant hafnaði nefndin engum nöfnum á grundvelli þess að þau brytu gegn íslenskri málvenju. Kannski eru stífar kröfur nefndarinnar um málnotkun loksins að skila sér til samfélagsins. Henni stendur þó enn á sama um hvort samþykkt nöfn fœðri hrekkjusvín landsins um ókomin ár. ■

## Alþjóðadagur sjálfsvígsforvarna á laugardag



Alma Möller  
landlæknir

Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni deyja 703.000 einstaklingar í sjálfsvíg í heiminum árlega og er tíðnin hærrí meðal karla. Á Íslandi falla að meðaltali um 39 einstaklingar árlega í sjálfsvíg. Áætlað er að fyrir hvern þann sem deyr sitji eftir um 135 einstaklingar, eða á sjötta þúsund Íslendingar árlega, sem eru verulega slegnir og þurfa stuðning sinna nánustu, nærumhverfis og fagaðila við úrvinnslu áfals og sorgar.

Í ár er slagorð dagsins Virkjum von með aðgerðum og er sjónum beint að börnum, ungmönnum og fjölskyldum þeirra. Fjallað verður um verndandi þætti og hvað við sem einstaklingar, foreldrar, vinir, nágrennar, fagfólk og samfélag getum gert til að sporna við sjálfsvígum. Hádegismálþing um efnið var 7. september og er aðgengilegt á vefnum landlaeknir.is.

Leiðarljós við sjálfsvígsforvarnir á Íslandi er aðgerðaáætlun frá 2018. Lítið er til gagnreyndra úrræða og þess sem gefist hefur vel hjá öðrum þjóðum. Áætlunin tekur til yfir 50 aðgerða, 10 er lokið en unnið að öðrum með þátttöku fjölmargra hagsmunaaðila. Ein forgangsaðgerða felur í sér að ákveða og innleiða verklag eftir sjálfsvígstilraun og miðar að samræmdum stuðningi og eftirfylgd við skjólstæðinginn og aðstandendur hans. Önnur er innleiðing samræmds sjálfsvígsáhættumats á allar heilbrigðisstofnanir. Þriðja er að velja námsefni fyrir elstu bekkni grunnskóla sem miðar að því að efla þrautseigju og seiglu barna. Fjórdi forgangsaðgerðin er að þróa samræmt verklag þar sem ástvinum, skóla- og vinnufélögum er tryggður viðeigandi stuðningur í kjölfar sjálfsvígs.

Í smæð okkar samfélags felast mikil tækifæri í sjálfsvígsforvörnum t.d. til gagnsöfnunar og rannsókna sem og í eldmóði hagsmunaaðila. Það er þó ljóst að til að hægt sé að fylgja þessum aðgerðum eftir af nauðsynlegum krafti þarf tryggt fjármagn í málaflokkinn.

Þann 10. september minnumst við þeirra sem fallið hafa í sjálfsvíg. Nánari upplýsingar um dagskrá, kvikmyndasýningu, kyrrðarstundir og tónlistarviðburði má finna á vef Embættis landlæknis. ■

”  
Á Íslandi falla að meðaltali um 39 einstaklingar árlega í sjálfsvíg.

**BOLÍ**  
LÉTTOL

ÍÞRÓTTAVIKAN MEÐ  
BENNA BÓ  
FÖSTUDAGA KL. 21.00

HRINGBRAUT





## Á versta veg

### Í dag



Guðmundur Steingrímsson

Nú finnst manni það blasa við líkt og hoggid í gráan veðurbarinn stein að veröldin sé öll einhvern veginn að fara á versta veg. Þessi tilfinning styrkist við nánast hverja lesna frétt og hlaðvarp í eyra. Gráminn er að færast yfir. Sveitarstjórnarfolk ræddi áhrif loftslagsbreytinga í vikunni á ráðstefnu. Það virðist vera óumflýjanlegt sem spáð hefur verið, að hafið mun hækka. Sjór mun flæða. Gripa verður til aðgerða. Veður munu versna. Og skýrsla var birt úti í heimi. Hamfarahlýnun og verðbólga mun samkvæmt henni reynast eldiviður alls konar félagslegs óstöðugleika á komandi árum. Fólk er að tryllast.

Í Bretlandi nálgast orkureikningurinn eina milljón á ári fyrir meðalheimili og skólar þurfa að velja hvort þeir ætla að kynda byggingarnar eða borga kennurum laun. Kvittur er á kreiki í Evrópu um að brátt þurfi að skammta fólki rafmagn, þannig að hluta úr degi í viku hverri þurfi allir einhvern tímann að búa við algjört rafmagnsleysi. Ekkert ljós. Ekkert Playstation. Hitabylgjur lengjast og verða tíðari með tilheyrandi þurrki og uppskerubresti. Ekki má vökva garða. Ekki fara í langa sturtu. Framtíðin er núna. Loftþjúpurinn er að breytast fyrir framan nefið á okkur. Heilu landsvæðin loga. Jöklar bráðna hraðar og hraðar. Pakistan er undir vatni. Fólk drukknar heima hjá sér.

Svo þegar lífið í löndunum sem verst verða úti verður smám saman fullkomlega óbærilegt, ef það er það ekki þegar, hefst óstöðugleikinn. Barist verður um vatn. Um lífsgæði. Um mat. Fólk leggur á flóttu. Stríð brjótast út, auk þeirra sem þegar hafa brotist út. Loddarar sölsa undir sig völd í krafti ævinsælli ófgaboðskapar og einfaldra svikaloforða um töfralausnir í heimi sem leyfir ekki töfralausnir. Tími aðlögunar er runninn upp. Að flóðum, eldum, skorti, þurrkum og ófriði. Og svo koma sjálfsgat fleiri veirur í ofanálag eins og sendingar til mannkyns úr deyjandi lífríki, alls konar bólur og flensur, og ætli bergið undir Grænlandsjökli bresti ekki bráðum vegna bráðunar íssins. Það réttir sig af þegar jökullinn léttist með ógnarmiklu braki, og skálftinn vekur gríðarstóra flóðbylgju í hafinu sem skellur á strandlengjum Skotlands, Kanada, Færeyja, Írlands og Íslands og leggur þær í eyði.

Um þennan möguleika hafa verið skrifaðar lærðar vísindagreinar. Og svo fer Golfstraumurinn og bingó. Málið er dautt.

Þannig að. Ekki er loku fyrir það skotið, miðað við visbendingar, að veröldin sé markvisst á leið bæði norður og niður. Grundvöllur bölsýni hefur sjaldan verið sterkari og hann virðist styrkjast með ári hverju. Hið merkilega er hins vegar að þó svo að bölsýni og jafnvel flótti í hið myrkasta tilvistarlega svartnætti sem til er í dýpstu dýflissum sálarlífsins virðist eina rökrétta viðbragðið við vóm samtímans, að þá er hún alltaf til staðar líka röddin í höfðinu sem hættir ekki að tala um ljósið. Maður hlær enn. Bölsýnin, þrátt fyrir allt, gefur ekkert. Hún leiðir ekki til aðgerða. Hún er andlaus. Hún er niðurdrepandi.

Í þeirri fallega myrku sjónvarpsseríu Sandman, sem í boði er á Netflix, lendir Draumur í áhrifamikilli orrahríð við Lúsifer. Keppni þeirra á milli gengur út á að nefna öfl sem trompa allt annað. Þegar Lúsifer hefur varpað myrkri og ótta yfir allt sem til er í veröldinni er aðeins eitt afl eftir sem Draumur getur nefnt, og Lúsifer getur ekki skákað:

Von.

Ekkert getur drepið von. Það er sama hvað skrattinn brýtur heilann, hversu djúpt kölski kafar. Von verður ekki eytt sé hún til staðar á annað borð.

Á þessum tímupunkti í veraldarsögunni, í þeim háska sem er aðsteðjandi, er hollt að rekja í huganum hvað það er sem mögulega getur vakið manni slíka ódrepani von. Einn slíkur ljósgeisli felst í því innsæi austurríska heimspekingsins Ludwig Wittgenstein að ein meginhugsunavilla mannkynsins sé að hugsa um framrás sögunnar sem beina línu. Að eitt leiði af öðru í rökréttu samhengi. Þvert á móti er framrás sögunnar yfirleitt furduleg, hún tekur beygjur og kemur á óvart. Forsendur kollvarpast. Við sjáum ekki fyrir hvernig línan mun liggja. Á þessu má byggja von. Við vitum ekki hverjar uppgötvanir morgundagsins verða. Á hinn bóginn má byggja von á æðruleysi. Sleppa því að fara á límingunum, reyna eftir fremsta megni að leggja sitt lóð á vogarskálarnar eftir því sem hægt er, og reyna þess á milli að njóta dagsins og auka þar með tilgang þess að máluunum verði jú bjargað, því hvers vegna að bjarga böli?

Svo er líka spurning hvort maður eigi ekki að henda sér í rifrildið á samfélagsmiðlum um þá tímamótaákvörðun, sem tröllum þykir hneykslanleg, að Lúsifer í Sandman sé kona.

Hver sá það fyrir? ■



Svo þegar lífið í löndunum sem verst verða úti verður smám saman fullkomlega óbærilegt, ef það er það ekki þegar, hefst óstöðugleikinn.

# FJALLKONAN

KRÁ & KRÆSINGAR



BRJÁLÆÐISLEGA GÓÐUR

## BRUNCH

LAUGARDAGA & SUNNUDAGA

11.30-14.30



Sex geggjaðar tegundir af Eggs Benedict, brunch-turn, avókadó toast og allskonar gotteri

Nánar á [fjallkona.is](http://fjallkona.is)





Hugheilar þakkir til ykkar allra sem sýnduð okkur samúð, hlýju og vinarhug við fráfall elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,

**Sigfús Valgarðs Stefánsson**  
vélstjóra frá Hofsósi,  
sem lést þann 11. ágúst sl.

Fanney Björk Björnsdóttir og fjölskylda.



Innilegar þakkir til ykkar allra sem sýnduð okkur samúð, hlýju og vinarhug vegna fráfalls elsku móður okkar,

**Dagnýjar Sigurgeirsdóttur**  
hjúkrunarfræðings,  
Akureyri.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk gjörgæsludeildar Sjúkrahúss Akureyrar fyrir faglega en jafnframt hlýja umönnun.

Sigurgeir, Helga Jóna, Hilma, Sveinbjörn, Katrin og fjölskyldur.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Jón Ísleifsson**

fyrirverandi útibússtjóri,

lést á Hrafnistu Nesvöllum í Reykjanesbæ laugardaginn 3. sept. Útför hans fer fram frá Keflavíkurkirkju 9. sept. klukkan 12.00.

Ísleifur Jónsson  
Svanlaug Jónsdóttir  
Hildur Nanna Jónsdóttir

Steinn S. Magnúsdóttir  
Ólafur E. Júlíusson  
Sigtryggur Leví Kristófersson  
barnabörn og barnabarnabarn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Elín Óladóttir**

Kirkjusandi 1, Reykjavík,

lést á heimili sínu sunnudaginn 4. september sl. Útförin fer fram frá Háteigskirkju fimmtudaginn 22. september klukkan 13.

Guðrún Björnsdóttir  
Arndís Björnsdóttir  
Jens Gunnar Björnsson

Trausti Sigurðsson  
Sigurður Einarsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Nils Ólafsson**

fyrirum bóndi að Sólvangi við Eyrarbakka,

lést 19. ágúst á hjúkrunarheimilinu Ljósheimum Selfossi. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Innilegar þakkir til starfsmanna Ljósheima fyrir góða umönnun og blítt viðmót. Þökkum fyrir auðsýnda samúð.

Lisbet Nilsdóttir  
Ólafur Nilsson  
Linda Rut Ragnarsdóttir  
Gísli Einar Ragnarsson  
Jóna Þórunn Ragnarsdóttir

Ragnar Gíslason  
Rósa Rútsdóttir  
Eypór Björnsson  
Erna Rut Pálsdóttir Villarel  
Ólafur Hafliðason  
og langafabörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is) eða hringja í síma 550 5055.



Upprunalega Gullplatan áföst á Voyager-geimfarinu 1977.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
GETTY

## Gullplata barnanna

Gullplatan er þátttökuverkefni fyrir börn sem hefst í Hörpu um helgina. Þar verður boðið upp á listsmíðjur og viðburði innblásna af Voyager-geimförum.

[arnartomas@frettabladid.is](mailto:arnartomas@frettabladid.is)

Árið 1977 sendi NASA geimförin Voyager 1 og 2 af stað til þess að kanna sólkerfið okkar og senda gögn aftur til jarðar. Áfastar á báðum geimförum voru Gullplöturnar svonefndu, þar sem finna mátti mynd- og hljóðefni sem ætlað var að kynna jörðina og menningu mannfólksins fyrir mögulegu lífi í geimnum.

Á laugardaginn hefst verkefnið Gullplatan í Hörpu sem er innblásið af skilaboðunum sem send voru 1977. Þar verður boðið upp á fjölbreyttar listsmíðjur þar sem börnum á Íslandi býðst að velja efni á sína eigin gullplötu. Verkefnið mun þaðan ferðast um landið milli grunnskóla og lýkur loks með gjörningi á Barnameningarhátíð 2023.

Dagskráin í Hörpu á laugardag verður fjölbreytt en þar býðst börnum meðal annars að gera sínar eigin myndasögur, tónlist og geimverugrímur. Þá mun Sævar Helgi Bragason, einnig þekktur sem Stjörnu-Sævar, fræða gesti um Gullplötuna frá árinu 1977.

„Ég ætla að spila nokkur hljóðdæmi af plötunni og leyfa fólki að setja sig í spor geimveranna svo það veit ekki hvað það er að hlusta á,“ segir Sævar Helgi. „Þá geta þau upplifað það sama og geimverurnar, ef einhverjar þeirra finna nokkurn tíma plötuna.“

Hugmyndin að baki Gullplötunni árið 1977 einkenndist af bjartsýni og stolti þeirra, sem að verkefninu komu, yfir jörðinni og mannkynsögunni. Mikil vinna var lögð í að velja hvaða efni rataði á plötuna.

„Það var hópur vísindamanna og lista-



Halldór Baldursson, skopmyndateiknari Fréttablaðsins, stýrir myndasögusmiðju fyrir börnin.

MYND/HALLDÓR BALDURSSON



Við ætlum að velja aðeins fyrir okkur hvað við sjálf myndum senda á okkar eigin plötu.



Sævar Helgi Bragason

fólks sem kom að plötunni undir forystu stjörnufræðingsins Carl Sagan,“ útskýrir Sævar Helgi sem segir að vanda hafi þurft valið þegar kom að efnistöku. „Það var til dæmis ákveðið að senda kveðjur frá 56 tungumálum, hljóð frá hvölum og öðrum dýrum, náttúruhljóð og eins konar ritgerð sem lýsir sköpun jarðar og sögu hennar til geimaldarinnar þar til platan var send.“

Á plötunni var líka tónlist og var þess gætt að hún væri ekki bara vestræn.

„Barna má finna tónlist frá öllum heimshornum, allt frá Bach og Mozart yfir í Johnny B Goode með Chuck Berry. Við ætlum að velja aðeins fyrir okkur hvað við sjálf myndum senda á okkar eigin plötu.“

Dagskráin á laugardag stendur yfir milli klukkan 11 og 13 og má nálgast í heild sinni á [gullplatan.is](http://gullplatan.is). ■



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Audrey K. Magnússon**

Miðvangi 42,  
áður Viðihvammi 1, Hafnarfirði,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir 31. ágúst. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Lynda Harðardóttir  
Helga Margrét Harðardóttir  
Lisa C. Harðardóttir  
Hörður Davíð Harðarson  
Ingunn Lovisa Ragnarsdóttir  
og ömmubörn.

Hrafn Karlsson  
Sveinn Árnason  
Sigurður Sigurjónsson  
Ásdís Þórðardóttir  
Einar Örn Daniélsson



Ástkær, elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

**Kristín Erla Bjarnadóttir**

Amma góð,

lést á Landspítalanum föstudaginn 2. september. Útförin fer fram frá Guðriðarkirkju þriðjudaginn 13. september klukkan 13.

Jóna Björg Hannesdóttir  
Valgerður Guðný Hannesdóttir  
Guðni Hannesson  
Erla Hanna Hannesdóttir  
barnabörn, barnabarnabörn og systkini.

Einar Beinteinsson  
Sigurbára Óskarsdóttir  
Sigurður Ólafsson  
barnabarnabörn og systkini.





William Zabka og Ralph Macchio í LA í vikunni, enn eins og nýslegnir túskildingar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Slagsmál og ástir

thordisg@frettabladid.is

Popp og kók verður vafalaust á borðum Cobra Kai-áðáenda í kvöld þegar fimmta sería þessa geysivinsæla sjónvarpsþáttar fer í loftið með enn meiri hasar og spennu en nokkru sinni fyrr.

Cobra Kai er ein af vinsælustu seríum Netflix frá upphafi en þættirnir eru framhald af þremur Karate Kid-myndum sem sýndar voru í bíóhúsum árin 1984, 1986 og 1989. Söguþráðurinn er tekinn upp þrjátíu árum síðar, þegar keppinautarnir Daniel LaRusso og Johnny Lawrence eru orðnir fullorðnir menn, en í hlutverkum þeirra eru sömu leikarar og í Karate Kid; sjarmatröllin Ralph Macchio og William Zabka. Að auki leika fleiri leikarar úr Karate Kid stór hlutverk í þáttunum.

Daniel og Johnny takast aftur á þegar Johnny enduropnar sinn gamla Cobra Kai-karateskóla og Daniel tekur til bragðs að opna Miyagi-do karatestúdíó til að kenna karate eins og hann lærði það hjá Mr. Miyagi, sínum gamla kennara úr Karate Kid-myndunum.

Fimmta serían samanstendur af tíu þáttum sem allir koma á Netflix í dag, en handritshöfundarnir segjast ekki hafa skrifað sinn síðasta þátt fyrir Cobra Kai og því gæti verið von á fleiri seríum.

Þættirnir eru hrein og klár fjölskylduskemmtun, með æðislegu eitís-rokki, og eins og endurfundur við gamla vini að sjá leikarana úr Karate Kid rifja upp gamla karate-takta og halda uppi stórskemmtilegum og spennandi söguþræði. ■



Bryndís R. Hákonardóttir, markaðsstjóri Icewear, segir að íslenska ullin henti afar vel í einangrun í nýrri útivistarlínu Icewear.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Íslensk ullareinangrun fyrir íslenska útivist

Geysivinsæl ný útivistarlína Icewear er einangruð með íslenskri ull með OEKO-TEX vottun. Um er að ræða algjöra byltingu í útivistarfatnaði en ullin er einn besti valkosturinn þegar kemur að slíkum fatnaði, segir Bryndís R. Hákonardóttir, markaðsstjóri Icewear. **2**

lifestream  
POWERFUL NUTRITION FROM PLANTS  
**AUKAKÍLÓIN BURT**  
CERTIFIED ORGANIC  
**CC FLAX**  
Bone, skin and digestive health  
FOR WOMEN  
CALCIUM  
CRANBERRY  
FLAXSEED  
POWDER  
200g NET  
ORGANIC  
VEGAN  
www.celsus.is





Bryndís er markaðsstjóri Icewear og segist vera afar stolt af nýju línunni sem íslensk ull er notuð í á einstaklega nýstárlegan og snjallan máta.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Það má með sanni segja að bestu hugmyndirnar fæðast hægt enda segir Bryndís það nokkuð sérstakt að sú hugmynd að einangra útivistarfatnað með íslenskri ull sé ekki löngu komin á markað. „Hugmyndin kviknaði þó fyrir nokkrum árum þegar framkvæmdastjóri Icewear var á ferð út fyrir landsteinana og hitti að máli erlenda frumkvöðul og eiganda þekkt útivistarmerkis. Svo skemmtilega vill til að þessi frumkvöðull vann í ullarframleiðslufyrirtæki á Akureyri á unga aldri eða fyrir nær 40 árum síðan, þegar íslenskur ullariðnaður stóð sem hæst. Samtal þeirra tveggja barst að gæðum íslensku ullarinnar og var það út frá þessu samtali að hugmyndin kviknaði. Þegar heim var komið var ekkert annað í stöðunni en að vinna áfram með hugmyndina og í samvinnu við íslenska fyrirtækið Ístex varð til nýja ullareinangrunin. Það var svo 1. desember á síðasta ári, um þremur árum eftir að vörupróunar- og framleiðsluferlið fór af stað, að ný ullareinangruð lína var kynnt til leiks bæði hér á Íslandi og á erlendum mörkuðum Icewear. Með þessari nýjung hafa möguleikar útivistarfólks við val á útivistarfatnaði aukist til muna,“ segir Bryndís.

#### Íslensk ull er einstök

Sérstaða íslensku sauðkindarinnar hefur haldist óbreytt enda hefur stofninn verið einangraður hér á landi í aldanna rás. „Íslenska sauðféð hefur þurft að laga sig að harðneskjulegu veðurfari sem það hefur mátt búa við, verndað af sínum náttúrulega klæðnaði einum saman. Á þessum langa tíma hefur samsetning íslensku ullarinnar þróast og af þeim 384 sauðfjárstofnum sem til eru í heiminum er íslenska ullin einstök á þann hátt að hún er samansett úr tveimur gerðum af þráðum.

Ytri þræðirnir, sem kallast tog, eru langir, glansandi, harðgerðir og vatnspéttir, en innri þræð-



Íslenska ullin er hin fullkomna einangrun.

irnir, sem kallast þel, eru fingerðir, mjúkir og einangrandi og veita öflugan vörn gegn kulda. Þelþráðurinn heldur í sér meira lofti en ttil dæmis merínoull og einangrar því mun betur og annað einkenni þelþráða er hve fjáðurmagnaðir og teygjanlegir þeir eru og loftið sem myndast á milli þeirra hefur einstaka öndunareiginleika og gefur um leið mjög góða einangrun. Það má því segja að tog og þel til samans séu ein besta einangrun sem völ er á og gefur íslensku ullinni algera sérstöðu hvað þetta varðar.“

#### Einfalt að þvo

Það þola ekki allar ullarvörur það að fara í þvottavél, en ullarfylltu útivistarlínuna frá Icewear má þvo á 30°C ullarprógrammi í þvottavélinni heima. Mælt er með að leggja svo flíkina til þerris, svona eins og við myndum gera við lopapeysur.

#### Ullin er kjarni Icewear

Ullin hefur verið kjarni í þróun, hönnun og framleiðslu Icewear á fatnaði í 50 ár, eða frá stofnun fyrirtækisins árið 1972. „Icewear er eina fyrirtækið í heiminum sem framleiðir útivistarlínuna sem



Nýja útivistarlínun frá Icewear hentar einstaklega vel fyrir íslenskar veðurastæður.



Íslenska ullin andar einstaklega vel og hrindir frá sér raka.

einangruð er með íslenskri ull með þessum hætti. Fyrir utan það að ullareinangrun af þessu tagi sé nýtt fyrirbæri í einangrun á útivistarfatnaði, sem klárlega eykur möguleika útivistarfólks, þá hefur þessi vörupróun einnig skilað sér á

jákvæðan hátt til íslenskra bænda með hækun afurðaverðs á ullinni, enda kallar þetta á betri nýtingu á íslensku ullarafurðinni. Þessi einstaka hugmynd gæti jafnvel breytt búhátum sauðfjábænda til lengri tíma lítið,“ segir Bryndís.

## Icewear uppfærði gömlu góðu lopapeysuna og framleiðir nú útivistarfatnað, einangraðan með íslenskri ull.

#### Ný útivistarlína fyrir alla

Nýja útivistarlínun fer ört stækandi, en í desember í fyrra komu á markað tveir jakkar í dömu- og herrasniðum. „Í dag er línun orðin mjög breið og komnar flíkur með 100 g, 200 g og 300 g ullarfyllingum. Þar á meðal eru jakkar, úlpur, vesti, buxur, útigallar og vettlingar fyrir bæði börn og fullorðna. Allar barnavörurnar eru með endurskinni sem auka öryggi barna í umferðinni,“ segir Bryndís.

#### Vinaleg verð sem koma á óvart

„Ég mæli eindregið með því að fólk kíkji við í eina af fjölmörgum Icewear-verslunum okkar og prófi að máta ullareinangraða flík,“ segir Bryndís. „Það er svo sérstakt hvað þessar flíkur hreinlega faðma mann þegar maður klæðist þeim. Icewear leggur sig fram við að bjóða útivistarfatnað á mjög sanngjörnu verði enda eiga allir að geta stundað útivist í góðum fatnaði og ullarútivistarlínun er þar engin undantekning. Ég er viss um að verðin á þessari línu eigi eftir að koma flestum skemmtilega á óvart, segir Bryndís. Ekki skemmir fyrir að fólk getur skráð sig sem „Vin Icewear“ á heimasíðu Icewear: icewear.is/vinir, og fengið sérkjör ofan á annars mjög svo sanngjörn verð. Icewear býður 20% afslátt af öllum vörum fram til áramóta og því einnig hægt að gera kjarakaup á jólagjöfum og hver myndi slá hendinni á móti ullareinangruðum jakka?“ spyr Bryndís og hlær. ■



# ÚTSÖLULOK

## ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á MORGUN

ÚTSÖLUBOMBUR! 50% AFSLÁTTUR

LENGRI  
OPNUNARTÍMI  
UM HELGINA!  
Lau: 11-18

Sherpa Kalpana leggings,  
okkar allra vinsælustu frá upphafi!

Nú: 6.495,- Áður: 12.990,-



**Icebreaker**  
ullarfatnaður á börnin



**Bolur**  
Nú: 4.295,-  
Áður: 8.590,-

**Leggings**  
Nú: 4.295,-  
Áður: 8.590,-



**Lightech Shingle SQ**  
**Lightech SM 1100**  
Nú: 11.995,-  
Áður: 23.990,-

Göngustafir á hálfvirði!



**Mustang**  
Nú: 6.995,-  
Áður: 13.990,-



**Kailash**  
Nú: 8.995,-  
Áður: 17.990,-



**Totem**  
Nú: 5.495,-  
Áður: 10.990,-

**GTA**  
Nú: 3.995,-  
Áður: 7.990,-



**Spantik**  
Nú: 5.495,-  
Áður: 10.990,-



**Halulite Minimalist**  
0,6L pottur og skaffall  
Nú: 3.995,-  
Áður: 7.990,-



**9" panna**  
Nú: 1.495,-  
Áður: 2.990,-

**Glæsilegt pottasett**  
Nú: 9.495,-  
Áður: 18.990,-



**Matarsett fyrir einn**  
Nú: 1.995,-  
Áður: 3.990,-



**3 bolla kaffikanna**  
Nú: 3.495,-  
Áður: 6.990,-

# GG SPORT



Í vefverslun okkar á [ggsport.is](http://ggsport.is) má finna meira úrval af öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

[f @ggsport.is](https://www.facebook.com/ggsport.is) [@gg\\_sport](https://www.instagram.com/gg_sport)

Smiðjuvegur 8, græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • [ggsport.is](http://ggsport.is)  
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18, laugardagur 11-18




# Frímínútur



Nína Richter  
ninarichter  
@frettabladid.is

Ingunn Lára  
Kristjánsdóttir  
ingunnlara  
@frettabladid.is



## Innsýn í miðaldasamfélagið Þjóðminjasafninu

13. september kl. 12.00

### Hvað?

Nálægðin við heimilið: Áhrif berkla og annarra langvinnra öndunarferasjúkdóma á Íslandi á miðöldum er fyrirlestur sem fram fer á Þjóðminjasafninu. Dr. Cecilia Collins, mannabeina- og fornmeinafræðingur, heldur erindið. Hún hefur stundað nám og starfað í Bandaríkjunum, Bretlandi, Sviss, Hong Kong og Þýskalandi og býr í dag í Reykjavík með fjölskyldu sinni. Erindið verður einnig aðgengilegt á YouTube-rás safnsins.

### Fyrir hvern?

Fræðafólk og nemendur í heilbrigðis-, félags- og hugvísindum gætu haft gagn og gaman af þessum fyrirlestri. Þá er aldrei að vita nema skúffuskáld eða virtir rithöfundar geti grætt á þessari innsýn í miðaldasamfélag á Íslandi.



## Íslenskir torfbærir í fókusi

Myndasalur Þjóðminjasafnsins við Suðurgötu, 17. september

### Hvað?

Árið 1973 hóf danski arkitektinn Poul Nedergaard Jensen, kennari við Arkitektaskólann í Árósum, samstarf við Konunglegu dönsku listaakademíuna í Kaupmannahöfn og Þjóðminjasafn Íslands um skrásetningu á íslenskum torfbæjum áður en það yrði of seint. Þessi byggingartegund sem þróast hafði með þjóðinni í meira en þúsund ár var að miklu leyti horfin og þeir torfbærir sem eftir voru stóðu frammi fyrir eyðileggingu.

Næstu árin fóru skólarnir í nokkrar námsferðir til Íslands þar sem íslenskir torfbærir voru mældir upp og teiknaðir. Skráningin var gerð með það fyrir augum að vekja athygli á mikilvægi og sérstöðu þessarar íslensku byggingartækni og leggja grunn að varðveislu og endurreisn hennar.

Sýningin Á elleftu stundu veitir innsýn í hið umfangsmikla og ómetanlega heimildarefni sem safnaðist saman í þessum ferðum. ■

## Hvað er um að vera í næstu viku?

12. september  
mánudagur

### Ungbarnajóga

Bókasafn Hafnarfjarðar  
kl. 10.00

Foreldramorgnar eru opnir öllum. Jenný Maggý Rúriksdóttir leiðir ungbarnajóga.

### Sibbi & Wizards

Hús Máls og menningar  
kl. 19.30

Gestir geta sungið með og tekið nokkur lög á sviðinu með Sibba eða tekið nokkur dansspor.

13. september  
þriðjudagur



### Lærðu að gera súrkál

Súrkálshöllin í Bæjarhrauni  
kl. 18.30

Verklept námskeið og súrkálsveisla. Dagný Hermannsdóttir kennir þriggja tíma námskeið. Staðfestingargjald fimm þúsund krónur.

### Karóki

Gaukurinn  
kl. 20.00

Gaukurinn býður upp á karóki alla þriðjudaga. Ert þú algjör Whitney eða Celine?

14. september  
miðvikudagur

### Snorri Helgason

Húrra kl. 20.00

Útgáfutónleikar. Meðal laga á plötunni Víðihlíð eru Ingileif, Haustið '97 og Hæ, Stína.

### Jesú er til, hann spilar á banjó

Tjarnarbió kl. 20.30

Hákon Örn mætir með sprenghlægilega leiksýningu ásamt partíþreykinu Inspector Space-time.

15. september  
fimmtudagur



### Sóli Hólm

Bæjarbió kl. 19.30

Loksins eftirhermur snýr aftur á svið vegna sjónvarpsupptöku.

### Disella og Dansmayer

Eldborg í Hörpu kl. 19.30

Grammy-verðlaunahafinn Disella Lárusdóttir heldur tónleika með Sinfóníuhljómsveit Íslands. David Dansmayer er hljómsveitarstjóri.



## Íslendingar eiga skilið að gert sé grín að þeim

Þegar Jono Duffy flutti frá Reykjavík til Parísar í miðjum faraldri hafði hann enga hugmynd um að hann myndi slá í gegn á TikTok og verða stöðvaður í almenningsfarartækjum fyrir myndbönd sem hann bjó til í þunglyndiskasti eftir að hafa horft á of margar endursýningar af Bones.

„Ég gerði grín að einhverju frönsku auglýsingastefi sem ég var með á heilanum. Einhver kjörorð sem ég sönglaði þrátt fyrir að kunna ekki eitt orð á frönsku. Svo lagði ég símann frá mér, kikki daginn eftir og sá orðin: Notandi 1.734 og 40 þúsund aðrir hafa líkað við myndbandið þitt.“

Uppistandarinn ástralski snýr nú aftur á Klakann eftir tveggja ára fjarveru og mikla velgengi á meginlandinu til að gera að grín að Íslendingum eins og honum einum er lagið. Þegar hann flutti til Íslands árið 2015 voru uppistandskvöld á ensku nýhafin hjá svokallaða Goldengang Comedy-hópnum á Gauknum. Jono uppgötvaði fljótlega að Íslendingar væru



Jono Duffy uppistandari verður með sýningu í Tjarnarbió á sunnudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ekki vanir því að fá að vera með í bröndurum. Ef það er eitthvað sem við Íslendingar elskum þá er það að heyra hvað öðrum finnst um okkur sem þjóð.

„Ég held að fólk kunni að meta þegar einhver leggur sig fram við að gera grín að þeim,“ útskýrir

## Netfyrirbærið



Olivia Wilde, leikstjóri kvikmyndarinnar, situr eins langt frá leikkonunni Florence Pugh og hún getur. Gemma Chan virðist sú eina sem skemmtir sér.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Óþægilegasta frumsýning allra tíma

Harry Styles og Olivia Wilde byrjuðu að stinga saman nefjum við tölur á kvikmyndinni Don't Worry Darling um svipað leyti og Wilde var að hætta með eiginmanni sínum til tíu ára, Jason Sudeikis. Orðrómur fór á kreik snemma árs 2021 um að sambandið hefði byrjað sem framhjáald. Fyrsta bomban af mörgum í atburðarás sem virðist hafa meira skemmtanagildi en kvikmyndin sjálf.

Í apríl þegar Wilde kynnti myndina á Cinemacón hljóp stefnuvottur upp á svið og birti henni dómskjöl tengd forræðisdeilu hennar við Sudeikis. Töldu sumir að um væri að ræða hefnd eftir meint framhjáald Wilde með Harry. Á sama tíma voru aðdáendur Harry Styles heldur betur ósattir við sambandið og hikuðu ekki við að skjóta á hana á samfélagsmiðlum.

Önnur bomban kom þegar Wilde, sem leikstýrir kvikmyndinni, sagði í viðtali að Shia Labeouf hefði verið rekinn fyrir að vera ósamvinnuþýður. Labeouf

hafnaði þessu og birti í þökkabót myndband af símtali þar sem Wilde reyndi að sannfæra Labeouf um að vera áfram í myndinni. Í símtalinu virtist hún skjóta á Florence Pugh, sem hún kallar „frú Flo“ í kaldhæðni. Hún vísaði á bug spurningum gulu pressunnar um ósætti milli hennar og Pugh en á sama tíma var greint frá því að Style fengi hærra laun en Pugh, þrátt fyrir talsvert minni reynslu í kvikmyndaleik. Sama dag og „frú Flo“ myndbandið birtist greindu fjölmiðlar vestan hafs frá því að Pugh myndi ekki taka virkan þátt í kynningu fyrir kvikmyndina.

Frumskýning myndarinnar á Feneyjahátíðinni í vikunni var sannarlega í kastljósi fjölmiðla og netmiðla eftir þessa bylgju af sögum og slúðri frá kvikmynda-settinu. Myndir og myndbönd frá hátíðinni hafa farið á flug um netmiðla og nú er nýtt þúsulspil komið inn í myndina þar sem stærsta spurningin sem brennur á vörum fólks er: Hrækti Harry Styles á Chris Pine? ■

Ég held að fólk kunni að meta þegar einhver leggur sig fram við að gera grín að þeim.

„Þar til fyrir kannski fimmtán árum voru Íslendingar pínulítill þjóð sem fékk aldrei athyglina sem hún átti skilið á alþjóðavettvangi. Þið voruð hunsuð af Dönum, jafnvel þegar þið lýstuð yfir sjálfstæði. Allir eiga skilið að gert sé grín að þeim, sérstaklega Íslendingar.“ ■



# Hvað er að gerast um helgina?

9. sept **Föstudagur**

10. sept **Laugardagur**

11. sept **Sunnudagur**



■ **Limir Íslands**  
Gallerí 16 – kl. 13.00-17.00  
Limir Íslands snúa aftur vegna mikillar eftirspurnar. Sýningin vakti mikla athygli á Menn-ingarnótt en þar festir Jóna Dögg listakona typpamyndir á kanvas.

■ **Luka Okros píanóleikari**  
Eldborg í Hörpu kl. 19.30  
Georgíski píanósnillingurinn Luka Okros flytur rómantísk verk eftir Chopin, Scarlatti, Rachmaninov og Liszt.



■ **Dimma**  
Bæjarbíó kl. 20.00  
Dimma fagnar 10 ára afmæli út-gáfu plötunnar Myrkraverk.



■ **Ari Eldjárn og Danirnir**  
Tjarnarbíó kl. 20.30  
Þrír danskir uppstandarar stíga á svið í Tjarnarbíói og flytja efni á ensku. Ari Eldjárn mætir og gerir grin að Dönunum.



■ **Svavar Knútur**  
Lyst, Akureyri kl. 20.00  
Söngvaskáldið Svavar Knútur kveður sumarið með haustkvöldvöku í Lystigarðinum.

■ **Götubittinn**  
KSÍ – kl. 12.00-17.00  
Spennandi viðburður við KSÍ-stúkuna þar sem verða 60 fjölbreyttar netverslanir, verslanir, matarvagnar, tivolíleiktæki, hoppukastalar og heimsókn frá Latabæ.

■ **Arabísk list og letursmiðja**  
Bókasafn Kópavogs kl. 13.00 – 15.00  
Amel Barich kennir arabíska leturgerð og abstrakt myndlist. Smiðjan er á ensku og er ókeypis.




■ **Verbúðarball**  
Hertz höllin kl. 21.00  
Verbúðarbandið ásamt Stebba Hilmars og Selmu Björns gerir allt vitlaust. Hebbi Gumm opnar kvöldið.



■ **Jono Duffy**  
Tjarnarbíó kl. 20.30  
Jono Duffy snýr aftur eftir að hafa flutt frá Klakanum og slegið rækilega í gegn í Frakklandi. Hann mætir hýr á brá og spyr: „Saknið í mín?“

■ **Póstkort frá París**  
Tehúsið, Egilsstöðum kl. 20.30  
Hlín og Hrólfur ferðast vitt og breitt um tónlistarheiminn með söng og harmoníku.



■ **Góðan daginn, faggi**  
Þjóðleikhúskjallarinn kl. 20.00  
Hlátur, grátur og glæný söngleikjatonlist í sýningu sem lætur enga ósnorta.

■ **Mærþöll**  
Gamla Bíó kl. 20.00  
Ævintýraóperan Mærþöll eftir Þórunni Guðmundsdóttur byggð á gömlu íslensku ævintýri, Mærþallar sögu.

■ Skritin staðreynd vikunnar

Vissir þú að bananar og gúrkur má flokka sem ber?



Vinnur á móti 15 árum af upplitun meðan þú sefur\*



\* með 3ja vikna ósiltinni notkun, upplitun sem matur og drykkir orsaka

Fullkomið flatbrauð Liba Bröd. í vefjuna, sem pizzabotn, snakk eða bara til að narta í



instagram.com/libabred/

**POKÉMON BRILLIANT STARS**

**SAFNVÖRUR POP!**

**TVÆR VERSLANIR**

# NEXUS

**GLÆSIBÆR & KRINGLAN**

**BÆKUR**

**SPIL**

**LEIKFÖNG**

**MYNDASÖGUR**

**NÝJAR OG SPENNANDI VÖRUR!**

**Nexus.is YFIR 10.000 VÖRUR!!**

GLÆSIBÆR ÁLFHEIMAR 74 • 104 RVK. s. 552-9011 • OPIÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 11:30-22  
KRINGLAN 4-12 • 103 RVK. s. 552-9012 • OPIÐ MÁN-FÖS. 10-18:30 LAU. 11-18 SUN. 12-17



# Líkamsræktin hefur bjargað lífi mínu



Guðmundur Hilmarsson gummih @frettabladid.is

Það er óhætt að tala um Hauk Gunnarsson sem goðsögn í heimi fatlaðra íþrótta- manna en Haukur var um árabíl mikill afreksmaður í frjálsum íþróttum.

Haukur keppti á fernum Ólympíu- mótum fatlaðra þar sem hann vann ein gullverðlaun og fimm bronsverðlaun og setti í tvígang heimsmet. Eftir Ólympíumótið í Atlanta í Bandaríkjunum árið 1996 ákvað hann að leggja keppnis- skóna á hilluna.

Haukur stundaði ekki hreyfingu í fjögur ár eftir Ólympíumótið í Atlanta en frá árinu 2000 hefur hann varla misst dag úr æfingu og segist aldrei hafa verið í betra formi en nú.

*En hvað réð ákvörðun hans um að hætta keppni árið 1996?*

„Það sem gerðist á mótinu voru breytingar sem gerðar voru á fötl- unarflokki mínum, T-37. Þroska- hamladír með hreyfihömlun fengu að keppa í þessum flokki. Þessir strákar voru meira þroskahamlað- ir heldur en hreyfihamlaðir og þar með gerðu þeir leikinn ójafnan. Á þessu móti tjáði ég Íþrótta- sambandi fatlaðra að þetta væri bara orðið gott. Ég vildi ekki vera að eyða tíma í æfingar og keppni vitandi að það væri búið að eyrna- merkja þrjú efstu sætin. Í ofanálág fékk ég bara nóg af íþróttum og hreyfði mig varla í fjögur ár,“ segir Haukur og bætir við:

„Ég stundaði boccia um tíma, til ársins 2002. Ég fór á Norður- landamótið árið 2000. Þar fór ég í gegnum læknisskoðun vegna fötlunarinnar og þar kom í ljós rýrnum í vöðvum upp á 60 pró- sent. Það fyrsta sem ég gerði þegar ég fékk þessar fréttir var að kaupa árskort í World Class og ég hef verið þar síðan,“ segir Haukur, sem þriggja ára gamall greindist með spastíska lömum á allri vinstri hlið. „Ég byrjaði að æfa sem barn og álagði þegar ég var að keppa á heimsmeistaramótum, Evrópu- mótum og Ólympíumótum var gríðarlegt. Ég áttaði mig ekki á því fyrr en skórnir voru komnir upp í hillu.“

## Aldrei verið í eins góðu standi andlega og líkamlega

Skilaboð Hauks til einstaklinga, hvort sem þeir eru fatlaðir eða ófatlaðir, eru skýr. Hann segir að hreyfing skipti sköpum. „Það má segja að líkamsræktin hafi bjargað mínu lífi. Með sama áframhaldi hefði ég getað endað í göngugrind eða í hjólastól. Ég æfi alla virka



Haukur Gunnarsson fór sex sinnum á verðlaunapall á Ólympíumóti fatlaðra.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ANTON BRINK



Haukur fer í líkamsræktina fimm til sex sinnum í viku.

MYND/ADSEND



Á Anfield þar sem Haukur sá sína menn vinna stórsigur á Bournemouth á dögunum.

MYND/ADSEND

daga og annan hvern laugardag. Ég bæði hjóla og lyfti. Á Covid-tí- anum þegar allt var lokað fór ég að hlaupa á malbiki allt upp í 10-15 kílómetra annan hvern dag. Ég fór að finna fyrir verkjum í hnjúnum og Jósteinn Einarsson, fyrrverandi knattspyrnumaður í KR og minn gamli sjúkrapjálfi, sagði við mig: Þú og malbikið eigið ekki samleið. Hann sagði mér að hjóla og eftir það hætti ég að hlaupa. Nú hjóla ég og lyfti til skiptis og legg meiri áherslu á efri búkinn en áður.

Ég hef aldrei verið í eins góðu standi og ég er í dag, bæði and- lega og líkamlega. Ég er ekki sá maður sem fer í ræktina og eyðir tímanum í að kjafta eða vera í símanum. Ég æfi mestmegnis einn og nota ákveðið prógramm sem ég var með þegar ég var að keppa á Ólympíumótunum. Fyrir hreyfi- hamlada og þroskahamlada skiptir mjög miklu máli að hreyfa sig. Þú þarft ekki fara inn á líkamsræktar- stöð til þess að taka æfingu. Það er hægt að fara út í garð eða vera bara heima hjá þér og stunda einhverja hreyfingu,“ segir Haukur.

„Því miður er töluvert um það að fatlaðir einstaklingar hreyfi sig ekki nóg og verða þar með

**”Ég hef aldrei verið í eins góðu standi og ég er í dag, bæði andlega og líkamlega. Ég æfi mestmegnis einn og nota ákveðið prógramm sem ég var með þegar ég var að keppa á Ólympíumótunum.**

Haukur Gunnarsson

meira fatlaðir fyrir vikið. Ég tók þá ákvörðun að taka ekki að mér þjálfun hjá fötludum. Ég hefði alveg verið fær um það en við eigum gott þjálfarateymi hjá fötl- udum. Ég vil fyrst og fremst hugsa um sjálfan mig. Ég er svolitill ein- fari hvort sem ég er að æfa eða að vinna. Æfingarnar hafa skilað sér margfalt til mín eftir að ég byrjaði aftur fyrir 22 árum síðan. Ég er í ákveðinni rútinu. Ef ég fer úr henni þá liður mér illa,“ segir Haukur, sem tekinn var inn í frægðarhöll Íþrótta- og Ólympíusambandsins

fyrir tveimur árum og er þar í hópi með afreksfólki Íslands í íþróttum, 22 talsins.

**Feðgarnir fengu markaveislu** Haukur er mikill íþróttaáhuga- maður og enska knattspyrnuliðið Liverpool er honum hugleikið. Haukur skellti sér á Anfield, heima- völl Liverpool, ásamt syni sínum í síðasta mánuði og þar upplifðu þeir feðgar sannkallaða marka- veislu því Liverpool rótturstaði nýliða Bournemouth 9-0.

„Ég er mikill Poolari og það var ansi gaman hjá okkur að upplifa þessa sýningu. Mótspyrnan var hins vegar engin hjá gestunum. Ég hef reynt að fara á Anfield á þriggja ára fresti. Það er smá vesen hjá mínum mönnum þessa dagana en síðustu ár hafa verið frábær hjá liðinu. Ég leyfi mér stundum að gagnrýna það sem Jürgen Klopp gerir. Áður fyrr var ég fljótur að láta æsa mig upp þegar menn voru að skjóta á mig vegna gengis Liverpool en með aldrinum hef ég mildast. Adallega er þetta rigur á milli Liverpool og Manchester United,“ segir Haukur sem starfar sem þjónustufulltrúi hjá Skatt- inum. ■

## Leyndarmál hvannarrótar

- Loft í maga? Glímir þú við meltingartruflanir?
- Næturbrölt Eru tíð þvaglát að trufla þig?

**ICEHERBS**  
NATURAL SUPPLEMENTS  
**hvannarrót**  
100% náttúruleg hvannarrót  
60 HYLKI | FÆÐUBÓGENI

Fæst í næsta apóteki, heilsuvör- verslun, Hagkaupum og Nettó.





FERSKT

# ÚTSALA FOLALDAKJÖT

HAKK **698** KR/KG

GÚLLAS **3.498** KR/KG

SNITSEL **3.498** KR/KG

INNRAÐÆRI **3.998** KR/KG

FILE **4.798** KR/KG

LUNDIR **6.798** KR/KG



**KJÖTBÚÐIN**

[www.kjotbudin.is](http://www.kjotbudin.is)



Pantaðu hér!

GRENSÁSVEGI 48, REYKJAVÍK • SUNNUKRIKA 3, MOSFELLSBÆ



## Bílar & Farartæki



Nissan NV200 10/2020 ekinn aðeins 35 þús.km. Lang ódýrasti og minnst ekni sendibíllinn á markaðinum í dag. Pennan færðu á 2.790.000 án vsk. (3.459.600 með vsk).

Sparibill ehf  
Hátún 6A, 105 Reykjavík  
Sími: 577 3344  
www.sparibill.is

## Bátar



Útsala  
20% af öllum  
mótorum



Verð frá 88.000.kr

Gerid verðsamanburð!  
www.veidiportid.is



Útsala  
25% af öllum  
slöngubátum

Verð frá:  
126.750.kr



Gerid verðsamanburð!  
www.veidiportid.is

## Þjónusta

### Húsviðhald

Getum bætt við okkur utan og innanhúss málningavinnu. runarmurari.is S. 7743800

### FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

### Málara

#### REGNBOGALITIR EHF

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltur málaraeistari. Löggiltir málara. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitur.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Rafvirkjun

### RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskípti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

### Til sölu

### Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27  
Sími 552 2125  
www.gitarinn.is



### Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

## Heilsuvörur



## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

#### GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbíð, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

#### WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S. 564-6500

# Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



## FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

### Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is  
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is



VERSLUNARTÆKNI  
www.verslun.is



geiri  
www.geirihf.is



**Kælar**

SD 420E H:1980 B:578 D:605 - 338L - Kæling 4/-210°C - 5 hillur - Læsing - LED

**Kælar**

SD 430 H:1993 B:577 D:576 - 360 L - Kæling 0°/+10°C - 5 hillur - Læsing - LED

**Kælir**

SD 417 H:1980 B:606 D:575 - 338 L - Kæling +2/+10°C - 8 hillur - Læsing

**Kælar**

SD 1001 og SD 801 H: 2020 B: 1000/1130 D: 70/22 Kæling +2/+10°C - 8 hillur - Læsing

**OPÍÐ 24/7**

www.verslun.is

**Kælar**

SC 311 St. (hxbxd) 865x1350 x520mm Kæling +2/+10°C

**Frystar**

SD 155 Stærð (hxbxd) 922x564x695mm Kæling -12/-24°C

**Frystar**

XS 802 Stærð (HxBxD) 858x2000x757 mm 700/510ltr Kæling -12/-24°C

**Kælar**

SC 141 St. (hxbxd) 865 x 555 x 520 mm Kæling +2/ +10°C

SC 211 St. (hxbxd) 865 x 865 x 520mm Kæling +2/ +10°C

**Frystar**

SD 305 Stærð (hxbxd) 905x950x695mm Kæling -12/ -22°C

**Frystar**

XS 602 Stærð (HxBxD) 840x1457x757mm Kæling -12/ -24°C

GEFÐU  
VATN  
gjofsemgefur.is  
907 2003



VERSLUNARTÆKNI  
www.verslun.is



geiri

STÓRELDHÚS

Sýningarsalur  
Draghálsi 4 -  
Sími: 535 1300 -  
verslun@verslun.is



# Velkomin á Heilsu- & lífsstílsdaga

Kynntu þér öll  
frábæru tilboðin  
í Heilsublaðinu

Fylgstu með og nálgastu  
upplýsingar á netto.is  
og Facebook-síðu Nettó  
varðandi leiki og ofurtilboð  
dagsins á Heilsudögum.



Skannaðu  
QR-kóðann  
og náðu  
í blaðið

Ofurtilboð  
og app-  
tilboð alla  
dagana



Allt að  
**50%**  
afsláttur

MUNA vörur

25%



Holt í matinn frá Änglamark

25%



Margverðlaunaðar Lífæranar  
Umhverfissvænar Gæðavörur

Allar vörur frá NOW

25%



Allar vörur Gula miðans

25%



Sigurstrangleg apptilboð  
á Heilsudögum Nettó  
Gerðu frábær kaup!

Afsláttur í formi inneignar  
í Samkaupa-appinu. Sæktu  
appið og safnaðu inneign.



Föstudagur  
9. september

Apptilboð  
dagsins

Appláttur:  
**50%**  
600 kr. inneign  
í appinu

Spænsk ólífuolía  
Änglamark, 500 ml



Laugardagur  
10. september

Apptilboð  
dagsins

Appláttur:  
**50%**  
1.950 kr. inneign  
í appinu

Probi Mage  
40 jurtahylki



Sunnudagur  
11. september

Apptilboð  
dagsins

Appláttur:  
**50%**  
inneign  
í appinu

Sistema  
Allar vörur



Nýttu þér vefverslun okkar  
og gerðu innkaupin á netinu

Öll tilboð á Heilsudögum má finna á netto.is



nettó



Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Íþróttavikan með Benna Bó Íþrótt- og skemmtiþáttur með Benedikt Bóasi. (e)
- 20.00 Bíóbærinn (e) Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennu bíospjalli. (e)
- 20.30 Fréttavaktin (e) Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 21.00 Íþróttavikan með Benna Bó (e) Íþrótt- og skemmtiþáttur með Benedikt Bóasi.

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi
- 13.10 Kastljós
- 13.35 Útsvar 2013-2014 Mosfellsbær - Grindavíkurbær.
- 14.55 Manstu gamla daga? Árin milli stríða.
- 15.35 Músíkmolar
- 15.45 91 á stöðinni
- 16.05 Líkamstjáning - Atvinnuviðtal
- 16.45 Nærumst og njótum
- 17.15 Stíklur Eyjabyggðin eina.
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Ósagða sagan
- 18.30 Sport Hestaíþróttir.
- 18.35 Húllumhæ
- 18.50 Lag dagsins Flott - Mér er drull.
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.40 Kastljós
- 20.00 Kappsmál Skemmtiþáttur um íslenska tungu í umsjón Bjargar Magnúsdóttur og Braga Valdimars Skúlasonar. Þátttakendur etja kappi í fjölbreyttum leikjum og þrautum.
- 21.05 Vikan með Gísla Marteini
- 22.00 Shakespeare og Hathaway
- 22.45 Rolling Stones. A Bigger Bang. Live on Copacabana Beach Þann 18. febrúar 2006 lék rokkhljómsveitin The Rolling Stones á sögufrægum útítónleikum á Copacabana-ströndinni í Ríó de Janeiro í Brasilíu. Þessi tónleikamynd fangar einn fjölmennasta tónlistarviðburð sögunnar og um leið eina allra bestu tónleika hljómsveitarinnar.
- 00.45 Nærmyndir - Flaga í sykrinum Talking Heads. A Chip in the Sugar
- 01.20 Dagskrárlök

Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil
- 13.15 The Late Late Show
- 14.00 The Block
- 15.00 Best Home Cook
- 16.55 90210
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 The Late Late Show
- 19.10 Love Island (US)
- 20.10 The Bachelorette (9.12)
- 21.40 The Bachelorette (10.12)
- 23.10 Cast Away Starfsmanni FedEx-póstþjónustunnar, Chuck Noland, er kippt harkalega út úr sinu mjög svo skipulagða lífi þegar hann lendir í flugslysi og endar aleinn á suðrænni eyðieyju.
- 01.35 Love Island (US)
- 02.25 Kill Bill. Vol. 1 Aðalpersónan var meðlimur the Deadly Viper Assassination Squad, sem elskhugi hennar Bill fór fyrir. Þegar hún komst að því að hún væri ófrísk eftir Bill ákvað hún að skipta um lífsstíl. Hún fer til Texas, hittir þar ungan mann, sem er skotinn af afbrýðisömum Bill. Fjórum árum síðar vaknar hún úr dauðadái, og kemst að því að barnið er hvergi að sjá og ákveður að hefna sin grimmilega.

Stöð 2

- 07.55 Heimsókn
- 08.20 The Mentalist
- 09.00 Bold and the Beautiful
- 09.20 Grand Designs. Sweden
- 10.05 Grand Designs
- 10.50 10 Years Younger in 10 Days
- 11.35 Börn þjóða
- 12.05 30 Rock
- 12.25 Nágrannar
- 12.50 How Healthy Is Your Gut?
- 13.35 30 Rock
- 13.55 Einkalífið
- 14.40 Ghetto betur
- 15.25 All Rise
- 16.05 The Bold Type
- 16.45 The Dog house
- 17.25 Bold and the Beautiful
- 17.50 Nágrannar
- 18.27 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Sportpakkinn
- 18.55 America's Got Talent. Extreme
- 20.25 Fear and Loathing in Las Vegas
- 22.20 10 Things I Hate About You
- 23.55 Endless
- 01.25 The Mentalist
- 02.05 30 Rock
- 02.30 30 Rock
- 02.50 All Rise
- 03.30 The Bold Type

Emil Pálsson sest í settið í íþróttavíkunni með Benna Bó

Emil Pálsson, sem þurfti að leggja skóna á hilluna, mætir í Íþróttavíkuna með Benna Bó í kvöld. Emil fer þar yfir ferilinn, fréttir vikunnar, Meistaradeildina og íslenska boltann ásamt Herði Snævari, íþróttastjóra Torgs. Kristján Einar Kristjánsson kemur einnig og hitar upp fyrir Formúlu 1 sem fer fram á Ítalíu, ásamt Aroni Guðmundssyni, sérfræðingi Fréttablaðsins.



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

- LÁRÉTT**  
 1 umslag  
 5 dúddi  
 6 tvíhljóði  
 8 sorgbitin  
 10 tveir eins  
 11 stafur  
 12 hemur  
 13 vitleysa  
 15 gæta  
 17 tjútta

- LÓÐRÉTT**  
 1 varna  
 2 smátt  
 3 stjörnpallur  
 4 hindra  
 7 hugfesta  
 9 venjan  
 12 pinulítilla  
 14 sár  
 16 tveir eins

LÁRÉTT: 1 alburn, 5 fir, 6 ei, 8 stúrn, 10 tt, 11 enn, 12 agar, 13 rugl, 15 annast, 17 dansa. LÓÐRÉTT: 1 afstýra, 2 lít, 3 þri, 4 meina, 7 inn-ræta, 9 reglan, 12 agna, 14 und, 16 ss.


Sudoku

	1	7	2				6	
		4			6	7		5
	9			3				
		9						
4	6					3	8	
2			4			9		
7	5		1	9	2	8		
	3	8				1		
1			8	7				

				1		6		
	3	6			8			2
		9						5
						8		
3	1	8			2	9		
		7	3				6	
4			7		5		1	
	9	5		4				
8								

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Ég var ekki feig

Fyrir ári settist Svava Magnúsdóttir ásamt vinkonum sínum á veitingastað í sólinni á Tenerife. Augnablikum síðar náði hún ekki andanum og fann ekki fyrir fótunum. Toppur pálmatrés hafði fallið af himnum ofan og olli henni varanlegum mænuskaða.



Snýst um að finna kjarkinn sinn

Nanna Kristín Magnúsdóttir er eðlilega spennit fyrir frumsýningardegi myndarinnar Abbababbl! Enda fyrsta kvikmyndin sem hún leikstýrir og segist hún hafa viljað gera mynd sem hana sjálfa hefði langað að sjá á yngri árum.



Er í lagi með Britney?

Britney Spears hefur verið á milli tannanna á fólki síðan hún steig fyrst fram í sviðsljósið 16 ára gömul. Með árunum hefur tónlist hennar þó fallið í skuggann af stormasömu einkalífi stjörnnunnar.



NIVEA

HÁMARKAÐU  
HÚÐENDURNÝJUN ÞÍNA

NÝTT

Q10 Ultra  
Serum  
Night Recovery



NIVEA

Q10  
Anti-Wrinkle  
SWEET NIGHT


ULTRA SERUM  
NIGHT RECOVERY

INSTANTLY DE-STRESSES SKIN  
FIRMER LOOKING SKIN OVERNIGHT  
DEEP WRINKLE REDUCTION

- + 2x Q10 concentration\*
- + Pro-Vitamin B5
- + De-stress Sweet Night Fragrance



# Úje!



## Opið alla daga í Skútuvogi

# 10-19

**698**

kr./pk.

**117 kr.  
flaskan**



**Coca-Cola án sykurs**  
6x500 ml

**10%  
verðlækkun**  
Verð áður  
**298 kr.**



**London ávaxtate**  
20 stk.

**269**

kr./pk.



**Bónus kringlur**  
Fjögur stykki  
Verð áður 498 kr.

**498**

kr./pk.

**100 kr.  
afsláttur**



**Bónus lágkolvetna brauð**  
Verð áður 598 kr.

**398**

kr./pk.

# BÓNUS



**139**

kr./stk.



**Sultu tímabilið byrjað**

Koop sultukrukka m/loki

**698**

kr./pk.



**Ferskt blandað hakk**  
70/30 grís/naut  
500 g

**398**

kr./pk.



❄️ **SS folaldahakk**  
800 g

**1.298**

kr./pk.

**Ódýrustu kjúklingalærin í Bónus**



❄️ **Rose frosin kjúklingalæri**  
Úrbeinuð  
700 g  
Danmörk

**398**

kr./pk.

**pú sækir**



❄️ **Roncadin**  
ítalskar pizzur  
350-380 g

**159**

kr./stk.



**Hámark létt**  
250 ml  
tvær teg.

**Ódýrustu kjúklinga-bringurnar í Bónus**



❄️ **Frosnar kjúklingabringur**  
900 g  
Danmörk

**1.498**

kr./pk.

**459**

kr./pk.



**Essential cocoa crunchies**  
334 g

**1.398**

kr./stk.



**Ilmkerti**  
þriggja þráða  
340 g

**498**

kr./stk.



**Ilmkerti**  
113 g

**698**

kr./pk.

**24% betra verð en á einni túpu**



**Sensodyne tannkrem**  
2 stk. í pk.

**679**

kr./pk.

**Smash style hamborgarar**  
2x120 g





# Persónuleg tilvísun í veður lífs míns



Þorvaldur S. Helgason  
tsh  
@frettabladid.is

Listamaðurinn Ryan Mrozowski sýnir verk sín í i8 gallerí. Viðfangsefni verka hans eru náttúruleg form sem hann nálgast á hugmyndafræðilegan hátt.

Augu sem tjarnir, heitir sýning bandaríska myndlistarmannsins Ryan Mrozowski sem stendur yfir í i8 gallerí. Ryan er upprennandi listmálari frá New York sem vinnur gjarnan með náttúruleg viðfangsefni í verkum sínum á borð við plöntur, ávexti og lauf en blandar þeim saman við konseptlist og hugmyndafræði.

Ryan segist hafa komist í samband við i8 þegar hann kynntist starfsmanni gallerísins í New York, Geneva Viralam.

„i8 er áhugavert gallerí í alþjóðlegu samhengi vegna þess að það er bæði fulltrúi íslenskra listamanna en einnig mjög framsækið og alþjóðlegt. Ég hafði heimsótt galleríð einu sinni sem gestur þegar ég kom til Íslands fyrir mörgum árum og var meðvitaður um sýningardagsskrá og ríka sögu þess.“

## Eignaðist sitt fyrsta barn

Sýningin Augu sem tjarnir samanstendur af níu akrýlmálverkum á striga sem Ryan vann yfir sex mánaða tímabilið fyrir á þessu ári. Hann segir verkin vera framhald á þeim og listrænum rannsóknum sem hann hefur unnið að árum saman.

„Á þessum tíma eignuðumst við konan mín okkar fyrsta barn þannig að yfir gjörvallt tímabilið sem ég var að vinna að sýningunni var ég mikið að vinna á skrýtnum tímum á nóttunni á milli þess sem ég hugsaði um barnið. Ég mun aldrei gleyma tímabilinu sem þessi verk urðu til á.“

Ryan kveðst augljóslega ekki hafa sofið mikið á þessum tíma: „Með tilliti til þeirrar sljöeygðu störu



Bandaríski listmálari Ryan Mrozowski segir málverkið sjálft vera hans helsta viðfangsefni.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ERNIR



Ryan Mrozowski vinnur gjarnan með tvíþætt verk eða par-anir á sýningum sínum.

MYND/ADSEND

sem átti sér gjarnan stað fannst mér gaman að hafa persónulega tilvísun í veður lífs míns á því tímabili. Það gaf mér ákveðna stefnu fyrir verkin.“

## Veðrabreytingar og landslag

Að sögn Ryans er titillinn Augu sem tjarnir, eða Eyes like ponds eins og hann útleiggst á ensku, tilvísun í ljóðbrot eftir austurríska skáldið Rainer Maria Rilke úr bókinni The Book of Images.

„Þessi Rilke-ljóð fjölluðu gjarnan um veðrabreytingar og landslag. Eitt ákveðið ljóð var með lýsingu á augum sem eru eins og tjarnir. Sem listamaður sem vinnur gjarnan með tvíþætt málverk eða pör þá elskaði

ég þessa hugmynd um tjarnir sem kyrra yfirborðsflati er safna upplýsingum. Svona hlutir eru oft stökkpallur fyrir mig til að búa til sýningu út frá.“

*Viðfangsefni þín eru gjarnan náttúruleg fyrirbæri á borð við lauf og plöntur. En málverk þín eru þó ekki beint náttúrumyndir?*

„Nei, það er rétt og hvað það varðar þá vinn ég eingöngu út frá fundnu myndmáli. Ég fer ekki út í náttúruna og tek ljósmyndir sjálfur. Mér finnst gaman að safna garðyrkjubókum og leiðarvísingum. Þessar bækur innihalda gjarnan samræmd hnitakerfi af myndum sem mér finnst vera dásamlegur upphafspunktur fyrir mína list. Áhugi minn

á þessum náttúrumyndum sprettur aðallega frá því að þær veita góðan kontrapunkt á móti þeim formlegu afskiptum sem ég nota sem listmálari.“

## Málverkið er viðfangsefnið

*Finnst þér nútímamaðurinn vera orðinn aftengdur náttúrunni?*

„Ég held að fyrst um sinn hafi ég byrjað út frá þeirri afstöðu að mynd sem er miðlað af náttúrunni sé á vissan hátt maðurinn að stjórna náttúrunni, tímabil manndarinnar þar sem við höfum beygt náttúruna undir vilja okkar, oft með hræðilegum afleiðingum. Ég hafði mikinn áhuga á að nota þessi óljósu, þægilegu, náttúrulegu form sem eins konar bakgrunn og á vissan hátt eyðileggja þau sem máleri. En eftir því sem ég eldist og þroskast finn ég að ég er sjálfur farinn að leita skjóls í náttúrunni og nota náttúruleg form sem hugarró og gridastað fyrir ró og næði.“

Í málverkum sínum leikur Ryan sér gjarnan með skynjun áhorfandans en sum verka hans líta út eins og þau séu úr fókusi eða minna á sjóntruflanir.

„Sem listmálari lít ég svo á að hild raunverulega viðfangsefni verka minna sé ekki náttúrumyndir heldur málverkið sjálft. Með því á ég við málverkið sem handgerða, áþreifanlega mynd. Þegar ég mála mynd reyni ég gjarnan að skapa augnablik þar sem ég undirstrika uppbyggingu málverksins. Að því leyti tek ég stundum staka mynd í sundur og set hana á tvo aðskilda striga eða þjappa tveimur myndum á einn striga. Hvað varðar textamyndirnar mínar lít ég á bakgrunnsmýndina sem eins konar svið þar sem leikararnir, sem í þessu tilviki eru stafirnir, tengjast bakgrunninum á óbeinan hátt,“ segir Ryan.

Augu sem tjarnir er opin í i8 gallerí til 8. október næstkomandi. ■



Aðalheiður leitar innblásturs fyrir verk sín í náttúruna. MYND/ADSEND

## Sýningarlok í Grafíksalnum

tsh@frettabladid.is

Grónar leiðir, sýning Aðalheiðar Valgeirsdóttur í Grafíksalnum, klárast sunnudaginn 11. september.

Eins og í fyrri verkum sínum leitar Aðalheiður innblásturs í náttúruna og úrvinnslan rambar á mörkum hins raunverulega og hins huglæga með áherslu á yfirborð, undirlög, áferð lit og birtu. Á sýningunni eru bæði olíumálverk og vatnslitamyndir.

„Málverk Aðalheiðar Valgeirsdóttur eru myndir af gróandanum í lifinu, dýrdinni, óreiðunni, hinu snertanlega og ósnertanlega, leiðum og leiðartálmum náttúrunnar; þáttum er leggja örlagavegi í lífi okkar,“ segir í sýningartexta Birtu Guðjónsdóttur.

Aðalheiður Valgeirsdóttir er myndlistarmaður og listfræðingur. Hún hefur haldið fjölda einkasýninga og tekið þátt í samsýningum bæði á Íslandi og erlendis. ■

# Fíflíð kynnt, kruflið og kvatt

## LEIKHÚS

### Fíflíð

Karl Ágúst Úlfsson

Tjarnarbió

Flytjendur: Karl Ágúst Úlfsson og

Eyvindur Karlsson

Leikstjóri: Ágústa Skúladóttir

Tónlist: Eyvindur Karlsson

Leikmynd og búningar: Guðrún

Öyahals

Lýsing: Ólafur Ágúst Stefánsson

Hár og fördun: Ninna Karla

Katrínardóttir

Sigríður Jónsdóttir

Karl Ágúst Úlfsson kveður. Landsþekkti leikarinn, leikstjórinn, höfundurinn, þýðandinn og Spaugstofumaðurinn syngur sinn svanasöng á leiksviðinu í Tjarnarbió, frumsýningin var á föstudaginn síðasta. Hans merkilega starf á síðustu áratugum er fyrir löngu orðið órjúfanlegur hluti af menningarsögu landsins. Nú býður hann gesti velkomna inn í hinn heilaga hring leikhússins og fíflíð tekur á móti þeim.

Uppruni, saga og hlutverk fíflsins spannar þúsundir ára og finnst frásagnir af þessum gálghúmorista frá öllum heimshornum. Frá frumbyggjum Norður-Ameríku til Egyptalands, Grikklands til forna og miðalda Evrópu, en höfundur leitar mikið í þann sagnabálk. Hlutverk fíflsins er að setja samfélagið í

kómískt samhengi og pota í þá sem valdið hafa. Áhorfendur hitta mörg fífl í sýningunni sem hvert hefur sína sögu að segja og konunga að kljást við. Þó birtist fíflíð í Lé konungi eftir William Shakespeare oftast, enda erkífflið í hinum vestræna heimi. Glensíð er ríkjandi enda í eðli fíflsins og er Karl Ágúst með svarta beltið í fimmaurabröndurum og orðaleikjum. Þeir koma á leifturhraða eða laumast upp að manni eins og í atriði Jane Fool.

## Margar hugmyndir

Sýningin tekur á sig form leikprufu, fíflíð mætir á svæðið í leit að hlutverki. Ágústa Skúladóttir leikstýrir verkinu og setur fókussinn á Karl Ágúst með einfaldri og lipri uppsetningu en leikprufuhugmyndin er ekki fyllilega útfærð enda er niðurstaðan óljós.

Leikmynda- og búningahönnun Guðrúnar Öyahals spilar stórt hlutverk sem lyftir sýningunni á hærra plan. Hver leikmunurinn á fætur öðrum birtist, stólar umbreytast í líkkistur og klósett og búningarnir eru áferðarfagrir. Hugmyndirnar eru margar áhugaverðar en handritið of langt, gamanlög in of mörg og vangavelturnar stundum ómarkvissar. Af og til virkaði Karl Ágúst órlítið óöruggur en fann taktinn fljótt aftur enda hokinn af reynslu og með góða nærveru.

Eyvindur Karlsson hefur umsjón með tónlistinni og tekur virkan



Karl Ágúst Úlfsson kveður leiksviðið sátur eftir rúmlega fjórutíu ára farsælan feril með sýningunni Fíflíð í Tjarnarbió. MYND/EDDI JÓNS

þátt í sýningunni, bæði sem tónlistarmaður og leikari. Lög in eru blanda af frumsaminni tónlist og tölulögum, þar á meðal frá meistara Stephen Sondheim, með frumsömdum eða endursömdum texta. Eyvindur stendur sig með ágætum en hægt væri að skerpa sýninguna töluvert með því að beina sviðsljósinu alfarið á fíflíð. Lagi reida mannsins um það sem ekki má er algjörlega ofaukið og á í raun heima í annarri sýningu.


## Samfélagið og fíflíð

Fátt er heilagt, fíflíð sér til þess enda hlutverkið skapað til að gleðja en að sama skapi gagnrýna. Í seinniparti sýningar vikur að samfélagsslaufun og því sem ekki má segja en þetta áhersluatriði passar illa í framvinduinni, er frekar frávik. Hérna er mál-efni skodað fremur yfirborðslega af hálfu höfundar. Endurskoðun á því sem má og má ekki segja var fyrir löngu orðin tímabær. Stór munur er á því að gera grín að valdhöfum og valdalausum, forréttindafólki eða minnihlutahópum. Fíflíð grætur eða hlær að hörmungum heimsins en er aldrei grimmt.

Samfélagið hefur alltaf þurft á fíflinu að halda, frá forneskju til vorra daga. Einhverjum sem þórir að gagnrýna og gera gys að þeim sem heiminum stjórnar. Sjaldan hefur verið meiri þörf á þjónustu þess og nú. Fíflíð eftir Karl Ágúst er góð áminning um þetta nauðsynlega hlutverk og ljúf kveðjusýning. En hætta steðjar að þegar fíflíð og valdhafinn sameinast í eina manneskju, eins og höfundur ýjar að. Þegar sannleikurinn er umdeilanlegur, vegið er að réttindum minni máttar og vísindi dregin í efa með misgáfulgum skoðunum. Í gervi fíflsins þreifar Karl Ágúst á þessum málefnum en tekur ekki nægilega föstum tókum. ■

**NIÐURSTAÐA:** Ljúf en örlítið langdregin kveðjusýning.






## Útsalan er í gangi!

Allt að sjötíu prósentu  
afsláttur af sýningarvörum

**Í DAG, Á MORGUN LAUGARDAG**  
**9. - 10. SEPTEMBER!**

HANS J. WEGNER,  
ARNE JACOBSEN,  
BORGE MOGENSSEN,  
PHILIPPE STARCK,  
ERIK MAGNUSSEN  
OFL.

Skeifan 6 / 5687733 / [www.epal.is](http://www.epal.is)







Það er alltaf gaman þegar Stallone setur upp svip Rambo úr First Blood.

## Miskunnarlausir Samverjinn

### KVIKMYNDIR

#### Samaritan

Sýnd á Amazon Prime

**Leikstjórn:** Julius Avery

**Aðalhlutverk:** Sylvester Stallone, Pilou Asbæk, Javon 'Wanna' Walton, Dascha Polanco

Pórarinn Pórarinsson

Samaritan er eiginlega hálfgerð drasl en sómir sér ágætlega í streyminu á Amazon Prime, betur en hún hefði gert í bíó.

Undirmálsdregur sem elst upp í algeru slömmi vafrar í vondum félagsskap en rígheldur í von sína um að roskinn ruslakall sem býr í blokkinni á móti sé í raun og veru ofurhetjan Samaritan.

Sá er þó almennt talinn hafa farist ásamt vonda tvíburabróður sínum, Nemesis, í eldfimu uppgjöri þeirra 25 árum áður.

Sylvester Stallone bregður fyrir sig gamalkunnnum tóktum í hlutverki hinnar meintu hetju sem stráksa tekst að draga fram í dagsljósið. Við það rennur hálfgerð hundæði á glæpaforingjann Cyrus sem svo skemmtilega vill til að er með Nemesis-blæti á hástigi.

Stálin mætast síðan stinn í sorphirðinum og krimmanum samkvæmt handbókinni og nákvæmlega ekkert kemur á óvart í þeim hildarleik. ■

**NIDURSTAÐA:** Stallone tekst að halda gömlum addáendum vakandi myndina á enda og þá hlýtur tilganginum að vera náð enda varla margir aðrir sem láta sér yfirleitt detta til hugar að kíkja á þessa mynd.

# Magnað samspil texta og filmu

### KVIKMYNDIR

#### Svar við bréfi Helgu

**Leikstjórn:** Ása Hjörleifsdóttir

**Aðalhlutverk:** Þorvaldur Davíð Kristjánsson, Hera Hilmarsdóttir, Aníta Briem

Þorvaldur Pálsson

„Eftir 20 ár verður þú vonsviknari yfir því sem þú gerðir ekki fremur en því sem þú gerðir.“ Þessi tilvitnun hefur ranglega verið eignuð bandaríska rithöfundinum Mark Twain en uppruni hennar skiptir litlu, hún kjarnar vel um hvað kvikmyndin Svar við bréfi Helgu fjallar.

Kvikmyndin byggir á samnefndri bók Bergsveins Birgissonar sem gefin var út árið 2011 og er leikstýrt af Ásu Helgu Hjörleifsdóttur. Sagan hefst um 1930 en gerist að mestum hluta árin 1940 til 1945, miklum umbrotatímum í íslensku sögu, er nútíminn hóf innreið sína með tilheyrandi breytingu á menningu og samfélagi. Rauði þráðurinn er hvort það sé þess virði að taka stökkið og elta ástina, halda í fortíðina eða aðlagast nútímanum.

Þorvaldur Davíð Kristjánsson og Aníta Briem fara með hlutverk hjónanna Bjarna og Unnar og Hera Hilmarsdóttir leikur Helgu. Þær hafa báðar gert það gott utan landsteinanna og mikill fengur að fá þær heim enda báðar afbragðsgóðar leikkonur líkt og sést vel í myndinni. Þorvaldur Davíð, táknmynd fortíðar, er engu síðri. Hera, í hlutverki Helgu, er táknmynd framtíðar og þeirra möguleika sem henni fylgja.

Svar við bréfi Helgu segir frá ástarþríhyrningi Bjarna, Unnar og Helgu. Hjónabandið stendur á brauðfótum eftir mikið áfall og hið íslenska smábyggðaslúður spilar stóra rullu sem ýtir Bjarna og Helgu á braut sem umturnar lífi þeirra allra með afar dramatískum hætti. Kvikmyndin sýnir vel þá erfiðleika sem fylgt geta ástinni og öll þau sem hana hafa upplifað geta tengt sig við söguna. Óhætt er að segja að myndin hreyfi við manni og einhver geta átt von á að tár verði á hvarmi. Ástaratíðin, sem eru nokkur, eru kröftug



Bjarni og Helga í ástaratlotum í fjárhúsinu.

MYND/ADSEND



Sýn kvikmyndarinnar á sveitalífið er mögnuð.

og betri en sést hefur í íslenskum kvikmyndum fram til þessa.

#### Náttúran í einu aðalhlutverka

„Tungumál bókarinnar er stórkostlegt. Mér fannst ekkert við það að bæta í bíómyndinni. Ég var að skoða aðra hluti,“ sagði Ása í viðtali við Fréttablaðið í tilefni frumsýningarinnar í síðustu viku. Myndmál Ásu er engu síðra en tungumál Bergsveins og samspil texta og myndefnis er magnað.

Svar við bréfi Helgu er að stærstum hluta tekin upp á Ströndum sem er að öðrum landshlutum Íslands ölöstuðum sá fegursti. Óhætt er að segja að náttúran sé í einu aðalhlutverka og myndatakan, sem er í höndum hins hollenska Jasper Wolf, er á heimsmaelikvarða.

#### Skemmtileg sýn á sveitalífið

Þrátt fyrir að umhverfið sé fallett draga íbúar í sveitinni fram lífið „á hjara veraldar“ eins og ein per-

sóna kemst að orði. Innsýnin sem veitt er í menningar- og félagslíf sveitarinnar, gömlu dansana, messurnar, heyskapinn og fleira er lífið í sveitinni ekki eintóm kvöl og pína. Þrátt fyrir að umfjöllunar-efni myndarinnar sé alvörubrungeið er stutt milli hláturs og gráts, mörg sprenglægleg atriði brjóta upp dramatíkina. Eitt erfiðasta atriði myndarinnar, með Bjarna og hrútnum Bassa, endurspeglar brothætta karlmennsku hans og sýnir hve ófær hann er um að takast á við tilfinningar sínar á heilbrigðan hátt.

Leikmynd Drífu Freyju Ármannsdóttur og búningahönnun Eugen Tamberg vega einnig þungt. Drífa hefur starfað mikið í Svíþjóð og sagði í viðtali við Fréttablaðið að það væri langtum auðveldara að gera ferilsmynd þar í landi en hér. Þrátt fyrir það tekst henni vel að skapa heim kvikmyndarinnar.

Aukaleikararnir eru ekki af verri



Óhætt er að segja að náttúran sé í einu aðalhlutverka og myndatakan er á heimsmaelikvarða.

endanum. Sigurður Sigurjónsson stelar senunni í hlutverki gamals kotbónda sem missir eiginkonuna og koma þarf í reit. Björn Thors stendur sig sömuleiðis vel í hlutverki hins drykkfellda og menningarsnauda Hallgríms, eiginmanns Helgu. Senur með bókaklúbb sveitarinnar, sem virðist helst lesa bækur norska rithöfundarins Knut Hamsun, eru frábærar og varpa ljósi á mismunandi líffsýn Bjarna og Helgu.

Ég vona að ungmennin sem í salnum voru, sennilega þangað send af framhaldsskólakennurum, hafi notið Svares við bréfi Helgu jafn mikið og ég. ■

**NIDURSTAÐA:** Í Svári við bréfi Helgu kallast texti og mynd á með mögnuðum hætti og útkoma er áhrifamikil kvikmynd sem hreyfir við áhorfendum þar sem dramatísk saga er listilega brotin upp með hómor.

# Baltasar og Idris Elba bregða á leik með óðu risaljóni í Afríku

### KVIKMYNDIR

#### Beast

**Leikstjórn:** Baltasar Kormákur

**Aðalhlutverk:** Idris Elba, Leah Jeffries, Iyana Halley, Sharlto Copley

Pórarinn Pórarinsson

Brotin fjölskylda, faðir og tvær dætur, sín hvorum megin við gelgjuna, ferðast frá Bandaríkjunum til Afríku til að sleikja sárin eftir dauða móðurinnar á sóttarsæng í kjölfar skilnaðar að borði og sæng.

Sá fjalltrausti og yfirmáta svali leikari Idris Elba leikur sakbitinn föðurinn sem rígheldur í vonina um að geta bætt sambandið við dæturnar á áskuslödum móður þeirra. Þau eru þó varla búin að ná áttum í frumsköginum og koma sér fyrir þegar á vegi þeirra verður bandbrjálað risaljón í dráps- og hefndarhug eftir að veiðipjófur slátruðu hjórd þess.

Þegar lífi og limum dætranna er ógnað þarf borgaralegur pabbi þeirra heldur betur að bretta upp ermar og fljótlega verður ljóst að fram undan er óhjákvæmilegt uppgjör tveggja alfa-karldýra þar sem

það ferfætta hefur engu að tapa en hitt allt að vinna.

Beast rekur í raun ósköp einfalda og kunnuglega sögu um átök manns og tröllvaxins villidýrs í jötnumóð. Eitthvað hefur verið um samanburð við Jaws enda óneitanlega margt líkt með hákarlinum þar og ljóninu hans Baltasars. Óði hundurinn Cujo kemur einnig upp í hugann þegar ljónið situr um fjölskylduna í óökuferum jeppa í myrkviðum frumskógarins.

Balti er því ekkert að reyna að finna upp hjólið hérna en rúllar því hins vegar býsna vel og örugglega í gegnum rétt passlega langa þeysireið.

Hann fer heldur hvergi leynt með að hér vinnur hann markvisst innan ákveðinnar B-mynda hefðar sem er alltaf fin fyrir sinn hatt þegar vel er haldið á spöðunum og nokkuð ljóst að leikstjórnin skemmtir sér ágætlega við að byggja upp spennu og skjóta áhorfendum reglulega skelk í bringu með klassískum bregðuatriðum þar sem þyngst vega langar óslitnar tókur, hljóðstyrkur og slagkraftur ljónsins.

Áherslan er þannig mest á spennu og vel útfærðan lífsháska sem áhorf-



Idris Elba er traustur sem klettur sem ein meginstöð Beast.

MYND/UNIVERSAL



Balti er því ekkert að reyna að finna upp hjólið hérna en rúllar því hins vegar býsna vel og örugglega í gegnum rétt passlega langa þeysireið.

andinn á auðvelt með að upplifa með persónunum sem aftur á móti hafa ekki mikið tilfinningalegt svigrúm til þess að þróast eða þroskast í mannaunum.

Áhorfandinn er strax í byrjun snöggefóðraður með greinargóðum samtölum á öllu því helsta sem hann þarf að vita um lykilmátturinn og forsögu þeirra. Síðan kemur bara ljónið og allt er keyrt í botn.

Handritið er þannig veikasti hlekkurinn í þessu öllu saman og slíkt kann sjaldan góðri lukku að

stýra en kemur merkilega lítið að sök þar sem hraðinn og spennan valtar yfir helstu brotalamirnar þótt óneitanlega gefist stundum ráðrúm til þess að furða sig á frámunalega heimskulegum ákvörðunum og gjörðum dætranna sem þjóna þó þeim tilgangi að háskinn og spennan magnast í kjölfarið.

Beast hvílir þannig nokkuð örugglega á þremur meginstöðum; ómótstæðilegum persónutöfrum og kúli Idris Elba, virkilega vel útfærðu, tölvugerðu ljóninu og vandvirkni leikstjórans sem er í raun eitt sterka höfundareinkenni Baltasars. Hann er nákvæmur og vandvirkur leikstjóri sem skilar jafnan vönduðu handverki. Úrvinnsla hans á takmörkuðum efniviðnum dugir þannig til þess að halda athyglinni og myndinni gangandi í þessar rétt rúmu 90 mínútur og skila því sem hægt er að ætlast til af mynd þessarar gerðar. ■

**NIDURSTAÐA:** Einföld saga og gótótt handrit fljóta á vel útfærðri spennu, sjarma Idris Elba og traustu handbragði Baltasars Kormáks þannig að úr verður finasti hasar um átök manns og villidýrs.





# ALVÖRUR ÚTSALA

## 15-50% AFSLÁTTUR



20%  
AF

**Lavor STM 160 WPS**  
háprýstidæla með RISA-  
störum aukahlutapakka

Mótor: 2500W  
Prýstingur: 160 bör  
Vatnsflæði: 510 l/klst.

**31.196**

Áður 38.995 kr.



**Lavor Galaxy 150**  
háprýstidæla

Mótor: 2100W  
Prýstingur Max: 150 bör  
Vatnsflæði Max: 450l/klst.

**22.493**

Áður 29.990 kr.

25%  
AF

**Lavor LVR4 Plus**  
160 WPS háprýsti-  
dæla með auka-  
hlutapakka

Mótor: 2500W  
Prýstingur Max: 160 bör  
Vatnsflæði Max: 510l/klst.

**33.992**

Áður 39.990 kr.

15%  
AF



15%  
AF



**Rafhlöðuborvél**  
PSCS 11-20V  
Getur notað allt að  
13mm breiða bora - 35Nm

**11.046**

Áður 12.995 kr.

**Royal Garden**  
fjölnotatæki 3-in-1

Sláttuorð, hekkklippur, keðju-/greinasög  
Kraftmíkill 1,45kW tvígens mótur 51cc

**29.319**

Áður 48.865 kr.

40%  
AF

## LÝKURUM HELGINA!



Áltrappa fyrir  
heimilið 3ja þrepa  
**6.108**

Áður kr. 7.635

4 þrepa kr. 7.484 áður 9.355  
5 þrepa kr. 9.004 áður 11.225  
6 þrepa kr. 11.196 áður 13.995

Drive Bílskúrsryksuga  
1250W, 20 lítra  
**9.596**

Áður kr. 11.995

Harðparket,  
og flísar

20-50%  
AFSLÁTTUR

Frá kr.  
**1.440** pr.  
m<sup>2</sup>

**Steypuhljái á stéttina**  
- þessi sem endist



20%  
AF

Creative Super Seal 25 lítrar

**23.996** Áður 29.955 kr.



50%  
AF

LuTool fjölnota sög  
/hjaktæki/juðari. 300W.

**3.998**

Áður 7.995 kr.



20%  
AF

Lokað slönguhjól 20m 1/2"

**12.796**

Áður 15.995 kr.



40%  
AF

Hagmans Premium Classic palla-/tréolia 3L

**2.097**

Áður 3.495 kr.



40%  
AF

Boloco vaskur

**6.594** Áður kr. 10.990

Garðverkfærasett Klóra,  
skófla og greinaklippur

**2.727**

Áður kr. 3.895

30%  
AF



20%  
AF

Pallahitari IRS1510 SC

Áður 17.995 kr.



Pallahitari IRS2020  
**27.746**  
Áður 36.995 kr.

**Kaliber**  
ferðagasgrill

2 brennarar (5kW)  
Grillflötur 53x37cm

**23.996**

Áður 29.995 kr.

20%  
AF

20%  
AF

Guoren TLY sturtusett króm  
**19.196**  
Áður kr. 23.995

25%  
AF

Guoren sturtusett svart  
**19.496**  
Áður kr. 25.995

Ríga salerni með setu  
m/stút í vegg  
**20.716**  
Áður kr. 25.895

20%  
AF

25%  
AF

**CERAVID**  
3-6 lítra  
hnappur

CERAVID SETT  
WC - kassi, hnappur  
og hæglokandi seta.  
Þýsk gæðavara  
**40.489**  
Áður kr. 53.985

25%  
AF

40%  
AF

Egematur Leto  
eldhústæki  
**3.897**  
Áður kr. 6.895

SENDUM UM  
LAND ALLT!  
www.murbudin.is

**MÚRBÚÐIN**  
Gott verð fyrir alla í **20** ár  
2002 - 2022



SR3

STÓRSVEIT  
REYKJAVÍKUR  
30 ÁRANáðu þér  
í boðsmíða  
á HARPA.IS  
og TIX.ISMARIA  
SCHNEIDERÍ tilefni af 30 ára afmæli Stórsveitar  
Reykjavíkur býður hljómsveitin landsmönnum  
öllum á stórtónleika undir stjórn skærustu  
stjörnu stórsveitaheimsins!► 18. SEPTEMBER ► KL. 20.00  
► ELDBORG, HÖRPU

## Hvað er að fréttastofa?

Stöðugar fréttir allan daginn á [frettabladid.is](http://frettabladid.is)

Skannaðu kóðann



Une Misère snýr aftur á sviðið með öflugan liðsaka í þungavigtarrokkanum Rúnarí Geirmundssyni. MYND/ADSEND

## Rúnar lyftir þungu rokki

Tónleikar þungarokks-sveitarinnar Une Misère í kvöld marka endurkomu hennar eftir dágóða hvíld og þar er teft fram nýjum söngvara. Sannkölluðum þungavigtarmanni þar sem kraftlyftingamaðurinn Rúnar Geirmundsson er kominn aftur í rokkið í slíku formi að hann ætlar að keyra tónleikana áfram eins og eróbikktíma.

toti@frettabladid.is

„Fílingurinn er geggjáður, allir jákvæðir og spenntir fyrir því að komast loksins aftur af stað. Ég náttúrliga er bara sjálfur að stíga inn úr engu en þetta er geggjáður fyrir hina sem eru búnir að vera graðir í að byrja aftur,“ segir Rúnar Geirmundsson, nýr söngvari og frontmaður þungarokksveitarinnar Une Misère sem rís upp af nokkuð löngum dvala á tónleikum úti á Granda í kvöld.

Rúnar gengur til liðs við Une Misère eftir að hafa helgað líf sitt kraftlyftingum síðustu fimmtán árin eða svo með eftirtektarverðum árangri; 50 íslenskum titlum, þremur Evróputitlum og heimsmeistaratitli.

## Fjölhæfur myndarmaður

„Ég var í hljómsveit í gamla daga sem hét Endless dark og við náðum nú alveg góðu flugi og erum enn með svona költ-fylgjendahóp,“ segir Rúnar sem er engan veginn blautur bak við eyrun í þungarokkinu þótt hann hafi fengið meira við blýþung löð í seinni tíð.

„Ég var í þessu fyrir löngu og svo var ég búinn að fíka aðeins í tónlist með tveimur úr Une Misère fyrir einhverjum tíu, tólf árum síðan. Þannig að það er smá tenging þarna við allavegana tvo í bandinu,“ segir Rúnar sem Þorsteinn Gunnar Friðriksson, Steini bassaleikari, lýsir sem myndarmanni og hæfileikaríkum mjög í listum sem og íþróttum.

„Hljómsveitin var að hefja tónleikaferðalag um Bandaríkin í mars 2020 þegar Covid tók völdin og öllu var slaufað eftir aðeins eina tónleika,“ segir Steini þegar hann er spurður hvers vegna ekkert

hafi heyrst í sveitinni allan þennan tíma.

„Það var svo lítið hægt að gera yfir mánuðina sem komu í kjölfarið á meðan heimsbyggðin einbeitti sér að öðru en tónlist. Fyrri söngvari sveitarinnar var svo rekinn úr bandinu vegna ásakana um andlegt ofbeldi.“

Þá hafi svo Rúnar loks komið til sögunnar. „Og af því tilefni blásu við nú til fagnaðar og frumsýnum Une Misère í sinni sterkustu mynd til þessa!“

**Rokkið borgar ekki reikningana**  
Tónleikarnir á Grandanum í kvöld verða því vítaskuld í þyngri kantinum en auk Une Misère munu



Ég náttúrliga er bara sjálfur að stíga inn úr engu en þetta er geggjáður fyrir hina sem eru búnir að vera graðir í að byrja aftur.

Rúnar



Necksplitter, Krownest og Elli Grill troða upp.

„Þetta verður fyrsta skiptið mitt með Une Misère á sviði þannig að þetta er allavegana frumraunin með þeim,“ segir Rúnar en innkoma hans í bandið er þó þegar byrjuð að gefa af sér og tónleikagestir munu fá einhvern smjörþef af því í kvöld.

„Við erum að semja og taka upp nýja plötu og ætlum að taka í það minnsta eitt til tvö ný sem enginn hefur heyrt.“

Þótt Rúnar sé að hella sér aftur á kaf í rokkið ætlar hann að halda áfram að sinna öðrum störfum sínum sem einkaþjálfari og ljósmyndari. „Maður verður að gera það. Þungarokkið hefur nú ekki verið þekkt fyrir að borga reikningana en það er allt í lagi. Ég nýt þess að gera það sem ég geri.“

Rúnar er vítaskuld massaköggull mikill og líkamlegt atgervi hans bendir ekki til þess að hann hafi iðkað af mikilli einurð þann lífsstíl sem löngum hefur þótt fylgja þungu rokki og er kenndur við kynlíf og eiturylf.

## Þungt eróbik

„Nei, ég hef náttúrliga bara aldrei prófað áfengi, önnur vímuefni, tóbak eða neitt slíkt á lífsleiðinni. Var keppnismaður í kraftlyftingum í þrettán ár þannig að það var ekkert partistand á mér og hefur aldrei verið,“ segir Rúnar.

„Það er kannski ekki mikið rokk í því en ég held samt að þetta sé að færast svolítið til í nútímasamfélagi og að það sé einmitt bara svolítið rokk í þessu,“ segir Rúnar og bendir á að sukkið sé orðið dálítið gamalt og þreytt. „Það er ekkert kúl lengur.“

Þar fyrir utan er djöfulgangurinn á sviðinu þegar Une Misère keyrir allt í botn slíkur að það er vissara að vera vel á sig kominn. „Þetta er náttúrliga rosaleg áreynsla og við erum líka þannig band, sko. Það er alveg stuð og það er hamagangur þannig að menn þurfa að vera í smá standi. Þetta er sko engin trúbadorstemning. Þetta er bara eróbikktími. Það er bara svoléiðis.“

Tónleikarnir verða á Ægisgarði, úti á Granda, við Eyjarslóð 5 og hefjast klukkan 20.30 í kvöld þegar Necksplitter stígar á svið. Miðasala er á [tix.is](http://tix.is) og Steini segir að það dugi ekki að slóra því miðafjöldinn er takmarkaður. ■





# Daniil Trifonov

EINLEIKSTÓNLEIKAR

10.09 | 20:00

Hinn heimsfrægi og margverðlaunaði píanóleikari, Daniil Trifonov, leikur spennandi efnisskrá á einleikstónleikum í Eldborg; verk eftir Tsjajkovskíj, Schumann og Brahms. Tónlist full af andríki og ástríðu í flutningi eins eftirsóttasta einleikara okkar tíma.

**Missið ekki af þessum stórviðburði í tónlistarlífinu!**

MIÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS





## Bakþankar

Nínu  
Richter



## Megrúnarráð

Í gamla daga þótti sniðugt að bjóða upp á megrúnarráð í dagblöðum. Oft snerust ráðin um að rétta af svokallaðar ranghugmyndir fólks um mat. Ein slík dæmisaga snerist um konu, af því að konur eru alltaf fórnarlömbin í svona hryllings-sögum.

Konan fékk sér alltaf litla sneið af kökunni í saumó, minni sneið en hana langaði í. Svo fékk hún sér aðra, af því að litla sneiðin skipti engu máli. Svona hélt þetta áfram þangað til kakan var búin. Konan í dæmisögunni var að sjálfsgöðu fordæmd og skipað í drepleiðinlegan eggjakúr níunda áratugarins og ævarandi skömm yfir því að lita ekki út eins og Melanie Griffith í Working Girl.

Timarnir hafa breyst. Dagblöðin eru hætt að birta megrúnarráð, með fyrrgreindri undantekningu. Lesendur undir þritugu vita ekkert hver Melanie Griffith er og fæst hafa séð Working Girl. Þetta er samt frábær mynd, kom út 1988 og Sigourney Weaver er með stórleik. Þetta er líka ein besta ræman sem Harrison Ford hefur leikið í, með boðskap sem eldist mun betur en Pretty Woman. Carly Simon á titillag myndarinnar Let the River Run og fékk Óskarsverðlaun fyrir. Gæsa húðarlag, æðisleg kórúsetning. Graceland-áhrifin frá Paul Simon greinileg. Það virðist enginn tala um hvað Elton John var undir miklum áhrifum þaðan, nokkrum árum seinna. Enginn talar lengur um tónlistina í Lion King.

Svo er þetta með kökuna. Við höfum áttað okkur á því að það má alveg borða köku. Alveg rétt. Konan í sögunni. Hvar vorum við nú aftur?

Það er svo margt sem skiptir miklu meira máli en þessi köku-saga. Svo margt sem er merki-legra en kúrar og kaloríur, sem er skemmtilegra að tala um. Það er sennilega þess vegna sem við erum hætt að skrifa um megrun. ■

**TM**

Fáðu tilboð í tryggingar á nokkrum mínútum [tm.is](https://tm.is)



## CHANDON

### NÝTT FRÁ SERTA – KOMDU OG PRÓFAÐU

Chandon er ný og glæsileg lína frá Serta þar sem hugsað er fyrir hverju smáatriði.

Chandon heilsurúmið er einnig hægt að fá með stillanlegum botnum og heilli yfirdýnu. Einnig fáanlegt í gráum lit. Einstaklega falleg hönnun þar sem þægindi og stuðningur veita þér þann svefn sem þú átt skilið.

#### SERTA CHANDON HEILSURÚM

(dýna, botn, lappir og gaffl) (Gaffl er 20 cm breiðari en rúmið)

Stærð	Verð m/botni	Verð m/stillanlegum botni
160 x 200 cm	449.900 kr.	649.900 kr.
180 x 200 cm	484.900 kr.	679.900 kr.
180 x 210 cm	509.900 kr.	689.900 kr.
200x200 cm	524.900 kr.	739.900 kr.

**kosy**  
WALK. HAPPY

**KOSY INNISKÓR**  
Heilsuinniskórnir eru íslenskt hugvit. Nú svæða nuddinnlegg stuðla að slökun og vellíðan frá hvirfli niður í tær.

Nú 9.900 kr.



#### SILKIKODDAFER

Silkikoddafer úr 100% Mulberry silki með koparögnum. Silki hjálpar að halda jöfnum líkamshita jafnt í kulda sem hita og er bæði mjúkt og nærandi fyrir húð og hár. 50x70 cm.

Nú 13.900 kr.



#### HORSENS HÆGINDASTÓLL

Einstakur rafdrifinn hægindastóll. Fæst í svörtu, gráu og koníaksbrúnu gæðaleðri.

Nú 269.900 kr.



#### LOLLY SVEFNSÓFI

Lolly er fáanlegur í ljósu- og dökkgráu slitsterku áklæði. Vönduð 18 cm. Þykk heilsudýna í stærðinni 140x190 cm.

Nú 289.900 kr.



#### SAMSO DÚNSÆNG

Vönduð dúnsæng. 100% lífræn bómull. Moskusdúnn, hitasprengdur og dauðhreinsaður. 140 x 200 cm.

Nú 45.900 kr.